

ÁGÚST 2024



SPILAHEGÐUN OG SPILAVANDI FULLORÐINNA ÍSLENDINGA Á ÁRINU 2023

Höfundur: Dr. Daníel Þór Ólason

Höfundur:

Dr. Daníel Þór Ólason prófessor við sálfræðideild Háskóla Íslands

Rannsóknin var unnin fyrir fastanefnd dómsmálaráðuneytisins á sviði happdrættismála og fjármögnuðu happdrættisfélögin rannsóknina

Útgefandi:

Dómsmálaráðuneytið

Spilahegðun og spilavandi fullorðinna Íslendinga á árinu 2023

ÁGÚST 2024

dmr@dmr.is

www.dmr.is

Umbrot og textavinnsla:

Stjórnarráð Íslands

©2024 Stjórnarráð Íslands

ISBN 978-9935-496-01-0

Efnisyfirlit

Útdráttur	7
1 Inngangur.....	8
2 Samantekt á meginniðurstöðum rannsóknar	10
2.1 Framkvæmd rannsóknar	10
2.2 Þátttaka í peningaspilum.....	10
2.3 Spilavandi.....	11
2.4 Viðhorf til peningaspila.....	12
3 Aðferð	14
3.1 Skilgreining á spilafíkn	14
3.2 Skilgreining á peningaspilum.....	14
3.3 Gagnaöflun	14
3.3.1 Svarhlutfall	
3.3.2 Mælitæki	
3.3.3 Úrvinnsla	
3.3.4 Tölfræði	
4 Þátttaka í peningaspilum.....	21
4.1 Heildarþátttaka í peningaspilum.....	21
4.2 Tíðni þátttöku eftir mismunandi tegundum peningaspila.....	24
4.3 Ítarlegri greining á þátttöku í mismunandi peningaspilum.....	26
4.3.1 Lottó	
4.3.2 Flokkahappdrætti:	
4.3.3 Skafmiðar	
4.3.4 Skafmiðar á erlendum vefsíðum	
4.3.5 Bingó	
4.3.6 Spilakassar	
4.3.7 Þátttaka í spilakössum á erlendum vefsíðum	
4.3.8 Lagt undir í spilum	
4.3.9 Getraunir (1x2)	
4.3.10 Lengjan	
4.3.11 Lengjan í beinni	
4.3.12 Veðjað á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum	
4.3.13 Veðjað á atburð eða úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum	
4.3.14 Önnur peningaspil á erlendum vefsíðum	
4.3.15 Veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt	
4.3.16 Leynileg spilavíti	
4.4 Mat á hagnaði eða tapi í peningaspilum.....	38
4.4.1 Hagnaður af peningaspilum undanfarna 12 mánuði	

4.4.2	Tap í peningaspilum undanfarna 12 mánuði	
4.5	Ástæður fyrir þátttöku í peningaspilum.....	39
5	Spilafíkn.....	41
5.1	Algengi spilafíknar.....	41
5.2	Tengsl spilavanda og þátttöku í peningaspilum	44
5.3	Þrepaskipt fjölbreytulógistísk aðhvarfsgreining.....	46
5.4	Tengsl spilavanda við eyðslu í peningaspil.....	49
6	Mat á viðhorfi fólks til peningaspila	52
6.1	Greining á heildarskori viðhorfa til peningaspila eftir baksviðsbreytum.....	55
6.2	Tengsl heildarskors viðhorfa til peningaspila við spilahegðun og spilavanda	56
6.3	Viðhorf til spilakorta eða rafrænnar skráningar og takmörkunar á aðgengi landsmanna til peningaspila á erlendum vefsíðum.....	57
7	Andleg líðan og Athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD).....	61
8	Samanburður á niðurstöðum kannana frá 2007 til 2023	63
8.1	Heildarþátttaka í peningaspilum á árunum 2007, 2011, 2017 og 2023	63
8.2	Þátttaka í mismunandi peningaspilum síðustu 16 ár	66
8.3	Samanburður á greiningarhópum spilavanda frá 2007 til 2023	68
9	Samantekt.....	71
	Heimildaskrá	73
	Viðauki I: Töflur	76
	Viðauki II Spurningalisti.....	87

Töfluskrá

Tafla 1. Svarhlutfall og skipting brottfalls.....	15
Tafla 2. Fjöldatölur fyrir þýði og úrtak (18-75 ára) skipt eftir baksviðspáttum	16
Tafla 3. Heildarþátttaka í peningaspilum.....	21
Tafla 4. Heildarþátttaka í peningaspilum eftir baksviðsbreytum	23
Tafla 5. Tíðni þátttöku í mismunandi innlendum peningaspilum á Íslandi.....	25
Tafla 6. Tíðni þátttöku í mismunandi peningaspilum á erlendum vefsíðum.....	26
Tafla 7. Mismunandi tegundir Lottó	27
Tafla 8. Meðaleyðsla í Lottó	28
Tafla 9. Tíðni þátttöku í spilakössum eftir staðsetningu	30
Tafla 10. Greining spilafíknar fyrir allt úrtakið samkvæmt PGSI.....	41
Tafla 11. Greining á spilafíkn meðal þeirra sem spiluðu peningaspil undanfarna 12 mánuði samkvæmt PGSI	42
Tafla 12. Algengi spilavanda eftir baksviðsbreytum.....	43
Tafla 13. Þátttaka í peningaspilum eftir greiningarhópum um spilavanda.....	45
Tafla 14. Tengsl baksviðsbreytna og þátttöku í peningaspilum við spilavanda (þrepaskipt lógistísk aðhvarfsgreining)	47
Tafla 15. Tengsl þátttöku í netpeningaspilum á erlendum vefsíðum við spilavanda (þrepaskipt lógistísk aðhvarfsgreining)	48
Tafla 16. Tengsl þátttöku í innlendum netpeningaspilum við spilavanda (þrepaskipt lógistísk aðhvarfsgreining).....	49
Tafla 17. Upphæðir sem fólk segist hafa tapað eða unnið í peningaspilum eftir spilavandahópum.....	50
Tafla 18. Viðhorf til peningaspila: Meðaltal, staðalfrávik og samanburður á hlutfalli þeirra sem voru sammála á árunum 2011 og 2023	55
Tafla 19. Heildarskor viðhorfs til peningaspila eftir baksviðsbreytum	56
Tafla 20. Heildarskor viðhorfa til peningaspila eftir spilapátttöku og spilavanda	57
Tafla 21. Viðhorf til spilakorta og takmarkanir á aðgengi erlendra vefsíðna: Meðaltal, staðalfrávik og hlutfall þeirra sem voru sammála eða ósammála fullyrðingunum	59

Tafla 22. Tengsl spilavanda við depurð, kvíða, streitu og ADHD.....	62
Tafla 23. Samanburður á heildarþátttöku í peningaspilum á árunum 2007, 2011, 2017 og 2023 eftir kyni.....	65
Tafla 24. Samanburður á spilahegðun í löglegum peningaspilum frá árinu 2007.....	66
Tafla 25. Samanburður á spilahegðun á erlendum vefsíðum frá árinu 2007.....	67
Tafla 26. Samanburður á greiningarhópum spilavanda frá árinu 2007 eftir kyni.....	69
Tafla 27. Þátttaka í peningaspilum og algengi spilavanda á Norðurlöndum.....	71

Myndaskrá

Mynd 1. Fjöldi peningaspila á síðustu 12 mánuðum.....	22
Mynd 2. Mat þátttakenda á því hvort þeir hafi hagnast eða tapað fé í peningaspilum.....	38
Mynd 3. Ástæður fyrir þátttöku í peningaspilum.....	40
Mynd 4. Hlutfall spilavandahópa fyrir hagnað eða tap í peningaspilum.....	50
Mynd 5. Samanburður á þátttöku í peningaspilum á árunum 2007, 2011, 2017 og 2023.....	64
Mynd 6. Vikuleg þátttaka í peningaspilum frá árinu 2007 eftir kyni.....	65
Mynd 7. Þátttaka í innlendum og erlendum íþróttaveðmálum.....	68
Mynd 8. Samanburður á greiningarhópum spilavanda fyrir árin 2007, 2011, 2017 og 2023.....	69

Útdráttur

Könnuð var spilahegðun og algengi spilavanda meðal fullorðinna Íslendinga árið 2023. Könnunin var gerð í síma og byggðist á tilviljunarúrtaki 5.000 Íslendinga úr þjóðskrá, á aldrinum 18 ára og eldri. Svör fengust frá 2.073, 1.006 körlum og 1.066 konum. Svarhlutfall var 42%.

Niðurstöður sýna að rúmlega 69% þátttakenda spiluðu peningaspil a.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum fyrir könnun. Vinsælustu peningaspilin voru Lottó, flokkahappdrætti, skafmiðar og bingó. Ólíkt fyrri könnunum var enginn munur á heildarspilun karla og kvenna eða á þátttöku þeirra í peningaspilum á innlendum vefsíðum. Konur voru líklegri en karlar til að eiga miða í flokkahappdrætti en karlar voru hins vegar mun líklegri til að leggja fé undir í spilakössum, póker, íþróttaveðmálum og í peningaspilum á erlendum vefsíðum.

Þegar niðurstöður um spilahegðun árið 2023 eru bornar saman við niðurstöður rannsóknar frá árinu 2017 kemur í ljós að færri spiluðu peningaspil árið 2023 (69,3%) en gerðu árið 2017 (77,3%). Þessari fækkun gætir almennt fyrir flestar tegundir löglegra peningaspila nema flokkahappdrætti og bingó. Athyglisvert er þó að sjá að fleiri spiluðu þessi peningaspil á innlendum vefsíðum árið 2023 en 2017. Þegar breytingar á þátttöku í peningaspilum á erlendum vefsíðum voru skoðaðar kom í ljós að svipað margir spiluðu þar árið 2023 og 2017. Hins vegar spiluðu fleiri í rafrænum spilakössum og kasínó-peningaspilum (rúllettu, 21) á erlendum vefsíðum árið 2023 en 2017.

Algengi hugsanlegrar spilafíknar reyndist 0,7% (0,3%–1,2%) og algengi verulegs vanda vegna þátttöku í peningaspilum var 2,3% (1,7%–3,1%). Um 2,3% þjóðarinnar töldust því eiga við spilavanda að stríða og var hann algengari meðal karla (4,0%) en kvenna (0,5%). Samanburður á núverandi niðurstöðum við niðurstöður rannsóknar frá árinu 2017 sýna að engar breytingar hafa orðið á fjölda þeirra sem eiga við spilavanda að stríða á þessu árabili.

Að lokum virðast niðurstöður á viðhorfi Íslendinga til peningaspila benda til þess að þjóðin sé aðeins neikvæðari í garð þeirra árið 2023 en 2011 en telji eftir sem áður ekki rétt að banna þau alfarið á Íslandi.

1 Inngangur

Spilun peningaspila og hugsanlegar skaðlegar afleiðingar þeirra er mikilvægt umfjöllunarefni fyrir lýðheilsu þjóðar (Stone, Yeung, Shaw og Billi, 2024; Wardle o.fl., 2021). Áriðandi er að fylgjast reglulega með hugsanlegum breytingum á aðgengi að peningaspilum, mögulegum breytingum í tíðni spilunar peningaspila og algengi spilavanda, meta áhættuþætti og síðast en ekki síst efla meðferð og forvarnir.

Endurteknar faraldsfræðilegar rannsóknir á algengi spilavanda og tíðni peningaspilunar henta vel til að meta breytingar á spilahegðun þjóðar og möguleg áhrif breytinga á aðgengi að peningaspilum. Frá árinu 2005 hafa verið gerðar alls fjórar faraldsfræðilegar rannsóknir á þátttöku fullorðinna Íslendinga í peningaspilum og á algengi spilavanda (Daníel Þór Ólason, 2008; 2012; 2018; Olason og Gretarsson, 2009). Aðferðafræðin hefur ávallt verið sú sama, tekin eru slembiúrtök úr þjóðskrá og gagnasöfnun fer fram í gegnum síma. Niðurstöður þessara rannsókna hafa í megindráttum sýnt að meiri hluti þjóðarinnar spilaði peningaspil a.m.k. einu sinni á ári á árunum 2005 og 2007 (um 70%). Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 fjölgaði peningaspilurum nokkuð og fór hlutfallið upp í 76% árið 2011 og breyttist sú tala lítið árið 2017. Reglubundin spilamennska (einu sinni í viku eða oftar) hefur einnig aukist jafnt og þétt, eða frá 12% árið 2005 til rúmlega 18% árið 2017. Vinsælustu peningaspilin hafa ávallt verið lottó, flokkahappdrætti og skafmiðar og í seinni tíð einnig bingó. Athyglisvert er að þátttaka í peningaspilum á netinu hefur farið stigvaxandi á þessum árum en tæplega 14% sögðust hafa spilað innlend peningaspil á netinu árið 2007 og var hlutfallið komið í rúmlega 24% árið 2017. Að sama skapi spiluðu einungis 0,4% þjóðarinnar á erlendum vefsíðum árið 2005 en það hlutfall var komið í 5,7% árið 2017.

Algengi hugsanlegrar spilafíknar var nokkuð stöðug árin 2005 (0,5%) og 2007 (0,3%) og algengi spilavanda var það sama bæði árin, eða 1,6%. Í kjölfar efnahagshrunsins gætti nokkurrar fjölgunar þar sem algengi hugsanlegrar spilafíknar reyndist þá vera 0,8% og 2,5% þjóðarinnar taldist eiga við spilavanda að stríða. Algengi spilavanda var því hærra árið 2011 en hafði mælst árin 2005 og 2007. Frekari greiningar á gögnum leiddu hins vegar í ljós að aukinn spilavanda mátti helst rekja til aukinnar þátttöku ungra karla í póker og peningaspilum á erlendum vefsíðum (Olason, Hayer, Brosowski og Meyer, 2015). Árið 2017 dró aðeins úr fjölgun hugsanlegrar spilafíknar (0,3%) en algengi spilavanda var mjög áþekkt niðurstöðum frá árinu 2011, eða 2,3%.

Almennt má segja að þátttaka í peningaspilum og spilavandi hér á landi svipar að mörgu leyti til þess sem mælist annars staðar á Norðurlöndum eða í Evrópu, en samantekt á niðurstöðum evrópskra rannsókna sýndi að spilun peningaspila er nokkuð almenn meðal almennings og spilavandi reynist vera á bilinu 0,12% til 3,4% (Calado og Griffiths, 2016). Athyglisverð er einnig sú niðurstaða að algengustu peningaspilin sem þeir sem eiga við vanda að stríða spila eru peningaspil á netinu (t.d. netpóker, íþróttaveðmál og rafræn spilavíti) og spilakassar, sem er í samræmi við þær niðurstöður sem fengist hafa hér á landi (Calado og Griffiths, 2016; Daníel Þór Ólason, 2012; 2018). Nýleg samantektarrannsókn á áhættuþáttum spilavanda á yfir 100 faraldsfræðilegum rannsóknnum sem gerðar hafa verið í ólíkum ríkjum Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu og í a.m.k. 25 öðrum löndum fram til ársins 2019 styður þessar niðurstöður, en þar kom m.a. fram að spilun peningaspila á netinu, spilakassar og póker væru veigamestu áhættuþættir spilavanda (Allami o.fl., 2021).

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hvort breytingar hafi orðið á þátttöku Íslendinga í peningaspilum og á algengi spilavanda frá árinu 2017. Einnig verða tengsl streitu, kvíða og depurðar við spilavanda könnuð en mikilvægt er að fylgjast með neikvæðum áhrifum spilavanda á geðheilsu þjóðar. Að síðustu, verða viðhorf Íslendinga til peningaspila könnuð og hvort þau hafi breyst frá árinu 2011.

2 Samantekt á meginniðurstöðum rannsókna

2.1 Framkvæmd rannsókna

- Gagnasöfnun fór fram í síma og stóð yfir frá 21. mars til 15. ágúst 2023 og sá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um þennan þátt rannsóknarinnar. Rannsóknin byggist á slembiúrtaki úr þjóðskrá (n = 5.000) og var svarhlutfall viðunandi (42%). Könnuð voru frávik í dreifingu helstu baksviðsbreyta í úrtaki við dreifingu í þýði og voru frávik allviðunandi fyrir kyn og búsetu en nokkuð meiri fyrir aldur, eða á bilinu 1,3% til 4,6%. Til að auka líkur á að niðurstöður rannsókna endurspegluðu líklegar niðurstöður í þýði voru þær vegnar samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá fyrir kyn, aldurshópa og búsetu.

2.2 Þátttaka í peningaspilum

- Rúmlega 69% þátttakenda spiluðu a.m.k. einu sinni peningaspil á undanförmum 12 mánuðum fyrir könnun. Þetta er töluverð breyting frá síðustu könnun (2017) en þá spiluðu um 77% peningaspil. Niðurstöður könnunarinnar gefa því til kynna að árið 2023 hafi rúmlega 156 þúsund fullorðinna Íslendinga spilað peningaspil a.m.k. einu sinni undanfarna 12 mánuði fyrir könnun.
- Rúmlega 18% þátttakenda spiluðu peningaspil vikulega eða oft og var því engin breyting á fjölda reglubundinna spilara frá árinu 2017 (18,4%). Athyglisvert var að engan kynjamun var lengur að finna í vikulegri spilamennsku en karlar hafa í fyrri rannsóknum verið fleiri en konur meðal reglubundinna spilara.
- Vinsælustu peningaspilin voru Lottó, flokkahappdrætti, skafmiðar og bingó.
- Þegar þátttaka í mismunandi innlendum peningaspilum er borin saman við þátttöku frá árinu 2017 kemur í ljós að það dró úr spilun flestra peningaspila nema flokkahappdrætti og bingó, sem stóðu í stað.
- Tæplega 35% þátttakenda höfðu lagt fé undir í peningaspilum á netinu, flestir á íslenskum vefsíðum þar sem hægt er að spila í Lottó, kaupa miða í flokkahappdrættum eða giska á úrslit eða atburði í fótbolta eða öðrum íþróttum. Reyndar jókst töluvert þátttaka á innlendum vefsíðum, eða frá um 24% (2017) til tæplega 31% (2023).
- Um 6,6% þátttakenda höfðu spilað á erlendum vefsíðum árið 2023, sem er svipað og árið 2017 (5,7%). Er það í heildina aðeins minni breyting en á milli kannana áður. Helsta breytingin var fjölgun í hópi þeirra sem

spiluðu spilakassa á netinu og dæmigerð peningaspil sem finna má í rafrænum spilavítum, eins og rúllettu og 21 (e. *Blackjack*).

- Ólíkt fyrri könnunum var enginn munur á heildarspilamennsku karla og kvenna og það á einnig við um þátttöku á innlendum vefsíðum. Karlar voru hins vegar áfram í yfirgnæfandi meiri hluta þeirra sem spila peningaspil á erlendum vefsíðum þar sem mjög fáar konur spila. Karlar eru enn í meiri hluta þeirra sem spila peningaspil þar sem spilarar þurfa að þekkja reglur vel (t.d. póker) eða giska á úrslit í fótbolta eða öðrum íþróttagreinum. Konur eru hins vegar líklegri til að eiga miða í flokkahappdrætti.
- Í árána rás hafa orðið litlar breytingar á helstu ástæðum þess að fólk spilar peningaspil en algengustu ástæðurnar eru að styðja gott málefni, spila ánægjunnar vegna eða til að græða peninga. Nokkurn kynjamun má þó finna í svörum, en karlar eru líklegri en konur til að spila spennunnar vegna, ánægjunnar vegna, til að drepa tímann, hitta annað fólk og nýta spilahæfileika sína og af svörum að dæma finnst þeim peningaspil vera ódýr afþreying. Konur hins vegar voru líklegri en karlar til að spila peningaspil til að styðja góð málefni.
- Eins og búast mátti við telur rúmlega helmingur þátttakenda sig tapa á þátttöku sinni í peningaspilum og tæplega 37% telja sig spila á sléttu. Aðeins tæplega 13% segjast hagnast á þátttöku sinni og flestir aðeins lítillega (10,5%).

2.3 Spilavandi

- Niðurstöður benda til að um 0,7% fullorðinna Íslendinga eigi við líklega spilafíkn að stríða og að um 1,6% sé í verulegum vanda vegna þátttöku sinnar í peningaspilum. Má því áætla að um 2,3% þjóðarinnar eigi við spilavanda að stríða og með 95% öryggi má ætla að um sé að ræða 4 til 7 þúsund manns.
- Spilavandi er mismunandi eftir þjóðfélagshópum. Niðurstöður þessarar könnunar sýna að karlar eru mun líklegri en konur til að eiga í vanda vegna þátttöku sinnar í peningaspilum. Þeir sem eru á aldrinum 18 til 25 ára voru a.m.k. tvöfalt líklegri til að eiga við spilavanda að stríða en aðrir aldurshópar. Einnig benda niðurstöður til að spilavandi sé algengari meðal þeirra sem hafa minni menntun og eru í lægsta tekjuhópnum. Þessar niðurstöður eru áþekkar niðurstöðum fyrri rannsókna.
- Þeir sem eiga við einhvern vanda að stríða vegna þátttöku sinnar í peningaspilum eru líklegri til að spila vikulega eða oft og í fleiri tegundum peningaspila en þeir sem spila vandkvæðalaust.
- Margar tegundir peningaspila höfðu tengsl við spilavanda, en þegar búið var að taka tillit til kyns, aldurs og menntunar reyndust tengsl aðeins að

finna fyrir þátttöku í spilakössum, póker með spilum og spilun á erlendum vefsíðum.

- Nánari greining á hvernig þátttaka í peningaspilum á erlendum vefsíðum tengdist spilavanda leiddi í ljós að tengslin fólust fyrst og fremst í þátttöku í netpóker og peningaspilum (t.d. rúlettu, 21) í rafrænum spilavítum.
- Engin tengsl við spilavanda fundust við spilun peningaspila á innlendum vefsíðum né við ólíkar tegundir þeirra peningaspila sem í boði eru á innlendum vefsíðum (t.d. lottó, áskrift að lottó, XG settu mark á leikinn, gettraunir (1x2), Lengjan eða Lengjan í beinni).
- Eins og búast mátti við töpuðu fleiri sem eiga við spilavanda að stríða á þátttöku sinni í peningaspilum og þá hærri upphæðum en þeir sem spila vandkvæðalaust.
- Töluvert fleiri sögðust hafa upplifað depurð og kvíða árið 2023 en 2017 og mikill munur reyndist vera á líðan eftir spilavandahópum karla. Þeir sem, áttu við spilavanda að stríða voru mun líklegri til þess að hafa upplifað meiri vanlíðan en þeir sem ekki spila eða gera það vandkvæðalaust. Einnig kom í ljós að sá spilavandahópur fann fyrir meiri streitu og var líklegri til að hafa fengið greiningu um athyglisbrest með ofvirkni (ADHD). Þessar niðurstöður giltu þó aðeins fyrir karla þar sem konur með spilavanda voru of fáar til að hægt væri að reikna möguleg tengsl við vanlíðan eða greiningu um ADHD.
- Samanburður á niðurstöðum þessarar könnunar við niðurstöður könnunar frá árinu 2017 benda til þess að spilafíkn sé aðeins algengari nú en árið 2017, en sambærileg tölum frá árinu 2011. Hins vegar var enginn munur á fjölda þeirra sem áttu við spilavanda að stríða á árinu 2017 og árið 2023.

2.4 Viðhorf til peningaspila

- Viðhorf almennings til peningaspila voru könnuð með íslenski útgáfu af 8 atriða viðhorfskvarða er nefnist „The Attitudes Towards Gambling Scale“ (ATGS-8 – Wardle o.fl., 2010).
- Gerður var samanburður á svörum við viðhorfaspurningum frá 2011 og svörum frá 2023. Almennt séð benda niðurstöður til þess að neikvætt viðhorf almennings á Íslandi til peningaspila hafi aukist, en svarendur telja eftir sem áður ekki rétt að banna alfarið rekstur peningaspila á Íslandi.
- Viðhorf voru þó nokkuð breytileg eftir þjóðfélagshópum. Karlar voru almennt aðeins jákvæðari í garð peningaspila en konur og viðhorf yngri aldurshópa var einnig jákvæðara en eldri aldurshópa. Jafnframt voru einhleypir jákvæðari en aðrir. Engin tengsl fundust við tekjur, menntun eða búsetu.

- Að lokum bentu niðurstöður til þess að eftir því sem fólk spilaði fleiri peningaspil þeim mun jákvæðari viðhorf hafði það til peningaspila. Einnig kom í ljós að þeir sem féllu í hópinn „lítill hætta á vanda“ voru jákvæðari í garð peningaspila en þeir sem annað hvort spila peningaspil vandkvæðalaust eða eiga við spilavanda að stríða.
- Afstaða fólks til fullyrðinga um notkun spilakorta/rafrænnar skráningar benti til þess að fólk væri frekar sammála en ósammála því að taka upp slíkt kerfi fyrir spilakassa en frekar ósammála en sammála því að gera það fyrir öll peningaspil.
- Viðhorf fólks til þess hvort koma eigi í veg fyrir aðgengi að erlendum vefsíðum sem bjóða upp á peningaspil voru frekar neikvæð þar sem fleiri voru ósammála en sammála þeirri fullyrðingu. Athygli vekur einnig að þegar niðurstöður voru skoðaðar í tengslum við hvort fólk spilar yfirleitt á slíkum vefsíðum eður ei kom í ljós að 81% þeirra sem hafa spilað peningaspil á erlendum vefsíðum voru mótfallin slíkum lokunum.

3 Aðferð

Aðferðakaflinn er mjög ítarlegur og settur upp á hefðbundinn fræðilegan hátt. Þeim sem einkum hafa áhuga á niðurstöðum rannsóknarinnar er bent á að sleppa lestri þessa kafla og fara beint í niðurstöður (bls. 23).

3.1 Skilgreining á spilafíkn

Spilafíkn má lýsa sem spilahegðun sem hefur í för með sér óæskilegar afleiðingar fyrir þann sem spilar, aðra í nánasta umhverfi hans og fyrir samfélagið. Andleg vanlíðan, þunglyndi, kvíði eða streita eru algengir fylgifyrirlýsingar spilafíknar og spilafíklar misnota oft áfengi eða önnur vímuefni. Spilafíkill er iðulega upptekinn af þrálátum þönkum um peningaspil og hugsar um leiðir til þess að spila áfram, gjarnan í þeim tilgangi að endurheimta glatað fé. Það eykur fjárhagslegan skaða sem oft leiðir til gjaldþrots sem eykur vanlíðan (American Psychiatric Association, 2013; Raylu og Oei, 2002).

3.2 Skilgreining á peningaspilum

Peningaspil eru hvers kyns spil eða leikir þar sem hægt er að vinna eða tapa peningum eða öðrum verðmætum og tilviljun ræður að einhverju eða öllu leyti niðurstöðunni.

3.3 Gagnaöflun

Öflun gagna fór fram með símaviðtölum og sá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um þann þátt rannsóknarinnar. Í upphafi hvers símtals fengu þátttakendur almennar upplýsingar um könnunina og hver stæði að henni. Þeim var gert ljóst að þátttaka væri frjáls, að þeim væri ekki skylt að svara öllum spurningum, að nafnleyndar væri gætt og að ekki væri hægt að rekja niðurstöður til einstakra þátttakenda. Þeir fengu einnig upplýsingar um að rannsóknin væri samþykkt af vísindasiðanefnd (umsókn nr. VSNb2023010003/03.01). Þeir þátttakendur sem samþykktu þátttöku fengu í kjölfarið útskýringu á hugtakinu peningaspil og voru beðnir um að svara öllum spurningum samviskusamlega. Gagnasöfnun fór fram á tímabilinu 21. mars til 15. ágúst 2023.

3.3.1 Svarhlutfall

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá var heildarfjöldi Íslendinga á aldrinum 18 ára og eldri 249.806 í byrjun árs 2023. Tekið var 5.000 manna slembiúrtak úr

þjóðskrá. Alls svöruðu 2.073 könnuninni, 1.006 karlar og 1.066 konur. Svarhlutfall var því **42,0%**.

Greiningu á svarhlutfalli má sjá í töflu 1. Þar kemur fram að 36 voru annaðhvort búsettir erlendis (3) eða gátu ekki svarað vegna tungumálaörðugleika (33) og 39 voru sjúklingar eða látnir. Nettóúrtak könnunar var því 4.925.

Tafla 1. Svarhlutfall og skipting brottfalls

	Fjöldi	Hlutfall brúttó	Hlutfall nettó
Tók þátt og lauk könnun	2.073	41,5%	42,0%
Neitaði að svara	889	17,8%	18,1%
Náðist ekki í	963	19,3%	19,6%
Símanúmer finnst ekki (rangt/ótengt nr.)	1.000	20,0%	20,3%
Útlendur (talar ekki íslensku)/búseta erl.	36	0,7%	
Sjúklingar eða látnir	39	0,7%	
Samtals	5.000	100%	100%

Til að gæta samræmis við fyrri kannanir (Daníel Þór Ólason, 2008; 2012; 2018) þar sem efri mörk aldurs voru 70 ára var tekin sú ákvörðun við vinnslu þessarar rannsóknar að miða efri mörk aldurs við 75 ára. Úrtakið er þá meira í takt við úrtaksgerðir annarra Norðurlandþjóða og tekur tillit til þess að meðalaldur þjóðar hækkar. Með þessu er einnig tryggt að niðurstöður rannsóknar verða samanburðarhæfar við niðurstöður fyrri rannsókna. Lokaúrtak rannsóknar verður því 1.841.¹

Í töflu 2 má sjá samanburð á dreifingu baksviðsbreyta (kyn, aldur og búseta) í þýði og úrtaki og benda niðurstöður til þess að frávik voru vel ásættanleg fyrir kyn (+/-1,8%) og búsetu (+/-2,9%). Frávik voru nokkuð meiri fyrir aldurshópa eða á bilinu -1,3 til -4,6. Stærstu frávikin voru fyrir yngstu aldurshópanna (sjá frekar í töflu 2).

¹ Í staðinn verður gerð sérstök úrvinnsla fyrir eldri Íslendinga. Tveir nemendur við sálfræðideild Háskóla Íslands munu vinna verkið vorið 2024 sem hluta af lokaverkefni þeirra til BS-prófs.

Tafla 2. Fjöldatölur fyrir þýði og úrtak (18-75 ára) skipt eftir baksviðspáttum

	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði	Fjöldi í úrtaki	Hlutfall í úrtaki	Munur á hlutfalli þýðis og úrtaks
Kyn#					
Karl	113.930	50,3%	893	48,5%	
Kona	112.525	49,7%	947	51,5%	+/-1,8%
Aldursflokkar					
18–25 ára	33.231	14,7%	186	10,1%	-4,6%
26–35 ára	42.655	18,8%	273	14,8%	-4,0%
36–45 ára	39.763	17,5%	298	16,2%	-1,3%
46–55 ára	38.566	17,0%	363	19,7%	+2,7%
56–65 ára	39.788	17,6%	387	21,0%	+3,4%
66–75 ára	32.578	14,4%	334	18,1%	+3,7%
Búseta					
Höfuðborgarsvæðið	146.997	64,9%	1142	62,0%	
Landsbyggðin	79.584	35,1%	699	38,0%	+/-2,9%
Samtals	226.581	100%	1841	100%	

#126 einstaklingar eru skilgreindir kynsegin í þjóðskrá og aðeins einn kynsegin einstaklingur svaraði könnuninni.

Meðalaldur þátttakenda var 45,49 ár og var munur á meðalaldri karla ($m = 44,21$) og kvenna ($m = 46,81$) $t(1839) = 3,371$, $p = 0,001$. Niðurstöður könnunar voru því vegnar samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá um kyn, aldurshópa og búsetu. Hlutfallstölur (%) í niðurstöðum um algengi spilahegðunar og spilafíknar eru því birtar fyrir vegin gögn. Fjöldatölur í töflum vísa hins vegar til óveginna gagna og gefa því rétta mynd af fjölda í úrtaki.

3.3.2 Mælitæki

Spurningalistinn var alls 175 spurningar í alls 69 spurningaígildum þar sem sumar teljast fjölvalsspurningar í mörgum liðum. Mjög misjafnt var hversu mörgum spurningum hver þátttakandi svaraði en fjöldi spurninga fór eftir spilabátttöku (sjá spurningalista í viðauka II).

3.3.2.1 Tegundir peningaspila

Alls var spurt um þátttöku í 24 gerðum peningaspila í könnuninni en peningaspil eru hér skilgreind sem hvers kyns spil eða leikir þar sem hægt er að vinna eða tapa peningum eða öðrum verðmætum og tilviljun ræður að einhverju eða öllu leyti niðurstöðunni. Þeir sem höfðu spilað a.m.k. einu sinni peningaspil á síðustu 12 mánuðum voru spurðir hversu oft þeir hefðu spilað á fimm punkta mælistiku þar sem svarmöguleikar voru: (1) daglega, (2) þrisvar til sex sinnum í viku, (3) einu sinni til tvisvar í viku, (4) einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði og (5) nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum.

Spurt var um eftirfarandi peningaspil: Lottó (5/40, Víkingalottó og Eurojackpot), skafmiða, flokkahappdrætti, bingó, fótboltagetraunir (1x2), lengjuna, spilakassa, póker, mótapóker, önnur spil upp á peninga (t.d. bridge, vist), leynileg spilavíti og hvort þátttakendur hefðu lagt peninga undir í leik eða íþrótt (t.d. snóker, golfi, fótbolta). Spurt var hvort þátttakendur hefðu spilað peningaspil á innlendum vefsíðum (t.d. Lottó, Getraunir, XG settu mark á leikinn, Lengjuna og Lengjuna í beinni) eða á erlendum vefsíðum (t.d. netpóker, skafmiða, spilakassa, veðjað á úrslit íþróttakappleikja, veðjað á atburði íþróttakappleikja, 21, rúllettu o.s.frv.). Einnig voru þátttakendur spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert sinn sem þeir spiluðu peningaspil í dæmigerðum mánuði. Þegar spurt var um íþróttaveðmál (Getraunir, Lengjuna, Lengjuna í beinni, úrslit íþróttaleikja á erlendum síðum, atburði íþróttaleikja á erlendum síðum) voru þátttakendur einnig beðnir um að nefna hvaða tegund íþróttar þeir veðjuðu helst á. Einnig var spurt um ástæður þess að þátttakendur veðjuðu á atburði eða úrslit íþróttaleikja á erlendum síðum.

3.3.2.2 Spilafíkn

Problem gambling severity index (PGSI) (Ferris og Wynne, 2001) er kanadískt mælitæki sem inniheldur níu spurningar er meta alvarleika spilafíknar undanfarna 12 mánuði. Hverri spurningu er svarað á fjögurra punkta stiku með svarmöguleikunum aldrei (0), stundum (1), oft (2) og næstum alltaf (3). Heildarskor liggur því á bilinu 0 til 27 stig og eru eftirfarandi viðmið notuð til flokkunar í spilavandahópa: Þeir sem fá ekkert stig teljast „spila peningaspil án vandkvæða“ (e. *Non-problem gambler*); þeir sem fá stig á bilinu 1 til 2 falla í hópinn „lítil hætta á vanda vegna peningaspila“ (e. *Low risk gambler*); þeir sem fá stig á bilinu 3 til 7 falla í hópinn „nokkur hætta á vanda vegna peningaspila“ (e. *Moderate risk gambler*) og þeir sem skora 8 stig eða fleiri eiga líklega við spilafíkn að stríða (e. *Problem gambler*). Próffræðilegir eiginleikar mælitækisins eru ágætir en niðurstöður kanadískrar rannsóknar sýndu að allar spurningar hlóðu á einn þátt í þáttgreiningu og Alfa-áreiðanleiki reyndist einnig fullnægjandi ($\alpha = 0,84$). Greiningarhæfni prófsins virðist einnig viðunandi (sjá nánar Ferris og Wynne, 2001).

Daníel Þór Ólason, Sigurður J. Grétarsson og Sigríður Karen Bárudóttir þýddu Problem gambling severity index (PGSI) árið 2003 og var íslenska útgáfan síðan bakþýdd af löggiltum skjalabýðanda. Samanburður á upprunalegu útgáfunni og bakþýðingunni benti til þess að íslenska þýðingin væri fullnægjandi. PGSI var síðan forprófað á úrtaki 1.266 íslenskra háskólanema og sýndi niðurstaða þáttagreiningar að öll atriði kvarðans hlóðu á einn þátt sem er í samræmi við upprunalega útgáfu (Ferris og Wynne, 2001). Áreiðanleiki íslensku útgáfunnar ($\alpha = 0,84$) reyndist einnig fullnægjandi (Daníel Þór Ólason, Herdís Finnbogadóttir, Margrét Aðalheiður Hauksdóttir og Sigríður Karen Bárudóttir, 2003). PGSI hefur ávallt verið notað til að meta algengi spilavanda í fyrri rannsóknum (Daníel Þór Ólason, 2008; 2012; 2018; Ólason og Grétarsson, 2009).

3.3.2.3 Viðhorf til peningaspila

The Attitudes Towards Gambling Scale (ATGS) (Orford o.fl., 2009) er viðhorfakvarði sem hannaður var árið 2007 til að kanna viðhorf bresks almennings til peningaspila. Próffræðileg athugun á viðhorfalistanum sýndi að áreiðanleiki kvarðans var fullnægjandi (Alfa = 0,89) og reyndist meðalfylgni atriða við heildarskor vera á bilinu 0,43 til 0,64.

Viðhorfakvarðinn var þýddur á íslensku af tveimur sjálfstæðum þýðendum og þýðingarnar sameinaðar í eina útgáfu í kjölfarið. Atriðagreining á íslensku þýðingunni sýndi að áreiðanleiki íslensku útgáfunnar var fullnægjandi (Alfa = 0,88) og fylgni atriða við heildarskor á bilinu 0,41 til 0,66. Gerð var þáttagreining og benti skriðupróf til að einn þáttur lýsti best dreifingu atriða. Öll atriði hlóðu marktækt á þáttinn. Próffræðileg athugun á íslenskri útgáfu kvarðans sýnir að hún er sambærileg ensku útgáfunni (Daníel Þór Ólason, 2012). Í þessari rannsókn var notuð 8 atriða útgáfa kvarðans sem telst að fullu sambærileg við 14 atriða útgáfuna (Canale o.fl., 2016).

3.3.2.4 Streita

Perceived Stress Scale (PSS – Cohen, Karmarck og Mermelstein, 1983). PSS er kvarði sem mælir að hve miklu leyti fólk metur aðstæður í lífi sínu streituvaldandi. Upphaflegi PSS-listinn er 14 atriða kvarði þar sem þátttakendur eru beðnir um að svara staðhæfingum á 5 punkta Likert-skala sem nær frá aldrei upp í mjög oft. Stytt 4 atriða útgáfa var notuð í þessa rannsókn, en atriði voru valin út frá hæstu fylgni atriða við heildarskor 14 atriða útgáfunnar. Áreiðanleiki 4 atriða PSS mældist alfa=0,72 hjá Cohen o.fl. (1983). Dæmi um spurningu er: „Hversu oft varst þú örugg/ur með þær ákvarðanir sem þú þurftir að taka til að leysa úr persónulegum vandamálum?“ Þessi stytta útgáfa hefur reynt vel, sérstaklega í símakönnunum (Cohen o.fl., 1983).

3.3.3 Úrvinnsla

Úrvinnsla fór fram með hefðbundnum hætti, gögn skimuð vegna innsláttarvillna eða skekkju í dreifingu. Einnig voru svarstikur nokkurra breyta (t.d. menntunar) umkóðaðar til að einfalda niðurstöður rannsóknarinnar.

3.3.3.1 Upplýsingar um eyðslu

Í tengslum við hvert peningaspil var upplýsingum um eyðslu safnað þrátt fyrir að svarendur ættu oft erfitt með að muna hversu mikið þeir hefðu eytt í peningaspil og jaðargildi (mjög háar upphæðir) gæti gefið ranga mynd af meðalgildum slíkra breyta. Spurt var um eyðslu í hvert skipti sem peningaspil var spilað og einnig voru þátttakendur beðnir um að áætla hversu miklu þeir hefðu eytt í dæmigerðum mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir könnunina. Í þessari skýrslu eru aðallega birtar upplýsingar um eyðslu í hvert skipti sem peningaspil er spilað þar sem sú breyta hefur helst verið notuð í fyrri könnunum. Við úrvinnslu gagna kom í ljós að dreifing svara um eyðslu var jákvætt skekk og nokkuð um jaðargildi. Í framsetningu niðurstaðna fyrir eyðslu í hverja tegund peningaspils var því einnig reiknað miðgildi sem er ekki háð skekkju í dreifingu og því oft nákvæmari mæling en meðaltal á meðalgildum í skekktri dreifingu.

3.3.3.2 Menntun svarenda

Breytan *menntun svarenda* var þrískipt í grunnám, framhaldsskóla og háskólamenntun. Undir *grunnám* féll almennt grunnskólanám. Undir *framhaldsskóla* féll almennt starfsnám, s.s. bókhalds-, ritara-, sjúkraliða-, lögreglu-, fiskvinnslu- og hússtjórnarnám. Einnig bóklegt og verklegt framhaldsnám og iðnnám, s.s. sveins- og meistaraþróf, vélstjóra- og stýrimannapróf, búfræði, garðyrkjufræði eða tækniteiknun, verslunarpróf, samvinnuskólapróf og stúdentspróf. Undir *háskólamenntun* féllu próf úr sérskólum á háskólastigi, s.s. myndlistarnám, tækninám og almennt háskólanám, þ.e. þriggja ára háskólanám eða lengra (BA, BS, B.Ed., kandídatsnám, MA, MS, Phd.).

3.3.3.3 Aldur

Breytan *aldur* var flokkuð í fjóra flokka: 18–25 ára, 26–40 ára, 41–55 ára og 56–75 ára.

3.3.3.4 Búseta

Breytunni *búsetu* var skipt í tvö svæði: höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina. Undir höfuðborgarsvæðið tilheyra öll póstnúmer í Reykjavík (101–116) og allra nágrannasveitarfélaga með póstnúmer 200–225 og 270. Öll önnur póstnúmer falla undir landsbyggðina.

3.3.3.5 Fjölskyldutekjur

Við úrvinnslu tekjuupplýsinga var mynduð ný breyta, *fjölskyldutekjur*. Alls svöruðu 75,3% (n = 1.387) af úrtaki spurningum um tekjur sínar eða heildartekjur fullorðinna á heimili. Til fjölskyldutekna töldust sameiginlegar mánaðarlegar tekjur hjóna eða sambúðarfólks eða einstaklingstekjur einstaklinga. Fjölskyldutekjur voru flokkaðar í fimm flokka (fimmtungaskipting), (1) minna en 550.000 kr. á mánuði (18,4%), (2) 550.000 til 899.000 kr. á mánuði (21,3%), (3) 900.000 til 1.270.000 kr. á mánuði (20,3%), (4) 1.271.000 til 1.799.000 kr. á mánuði (19,4%) og (5) meira en 1.800.000 kr. á mánuði (20,6%).

3.3.3.6 Þátttaka í peningaspilum

Spurningar um tíðni þátttöku í peningaspilum voru umskráðar fyrir úrvinnslu á eftirfarandi hátt: Svarmöguleikarnir *daglega*, *þrisvar til sex sinnum í viku* og *einu sinni til tvisvar í viku* voru umskráðir í *vikulega* eða *oftar*. *Einu sinni til þrisvar í mánuði* var skilgreint sem *að minnsta kosti mánaðarlega* og *nokkrum sinnum á síðasta ári* var skilgreind sem *sjaldnar en mánaðarlega*. Svarmöguleikinn *aldrei* stóð óbreyttur.

3.3.4 Tölfræði

- Reiknað var kí-kvaðrat til að kanna tengsl spilahegðunar og spilafíknar við baksviðsbreytur könnunar.
- Ef niðurstöður byggðust á meðaltölum var notað t-próf eða einfaldar dreifigreiningar til að kanna marktækan mun milli hópa. Ef dreifing gagna uppfyllti ekki skilyrði normaldreifingar voru notuð úrtaksbundin próf.

Aðferð Wilsons var notuð til að reikna 95% öryggisbil fyrir hlutföll (Newcombe, 1998).

4 Þátttaka í peningaspilum

4.1 Heildarþátttaka í peningaspilum


Fyrst var kannað hversu margir höfðu spilað í peningaspili a.m.k. einu sinni undanfarið ár (sjá töflu 3). Í ljós kom að 69,3% (öryggisbil = 67,1%–71,3%) þátttakenda höfðu spilað a.m.k. einu sinni á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnunina, 29,0% (öryggisbil = 26,9%–31,1%) a.m.k. mánaðarlega og rúmlega 18% (öryggisbil = 16,5%–20,1%) vikulega eða oftar. Rúmlega þriðjungur þátttakenda hafði spilað peningaspil á netinu, mun fleiri á innlendum (30,8%; öryggisbil = 28,7%–32,9%) en erlendum vefsíðum (6,6%; öryggisbil = 5,5%–7,8%).

Tafla 3. Heildarþátttaka í peningaspilum

	Tíðni			
	A.m.k. einu sinni %	Sjaldnar en mánaðarleg a %	A.m.k. mánaðarleg a %	Vikulega eða oftar %
Þátttaka í öllum peningaspilum	69,3	22,0	29,0	18,3
Þátttaka í peningaspilum á netinu	34,6	12,1	5,6	16,6
Peningaspil á innlendum vefsíðum	30,8	10,9	4,4	15,2
Peningaspil á erlendum vefsíðum	6,6	3,3	1,7	1,5

Aths. Áskrift í Lottó telst hér til vikulegrar spilamennsku sem skýrir mun hærri tíðni vikulegrar spilamennsku á netinu og á innlendum vefsíðum en mánaðarleg spilamennska. Örlítill frávik geta verið á þátttöku a.m.k. einu sinni og samanlagðri tíðni og skýrast þau af því að sumir þátttakendur treystu sér ekki til að tilgreina hversu oft þeir spiluðu peningaspil.

Kannað var hversu margar ólíkar tegundir peningaspila þátttakendur spiluðu að meðaltali. Að meðaltali spiluðu þátttakendur 1,3 (miðgildi 1,0) ólík peningaspil undanfarna 12 mánuði. Flestir spiluðu aðeins eina tegund en tæplega 7% spiluðu fjórar gerðir peningaspila eða fleiri (sjá mynd 1). Kannaður var munur á fjölda peningaspila eftir kyni og kom í ljós að konur ($m = 1,1$) spiluðu færri ólíkar tegundir peningaspila en karlar ($1,6$) $t(1839) = 6,56, p \leq 0,001$.



Mynd 1. Fjöldi peningaspila á síðustu 12 mánuðum

Í framhaldi var greining á heildarþátttöku í peningaspilum eftir helstu baksviðsbreytum könnunarinnar (sjá töflu 4). Athyglisvert var að hvorki reyndist vera munur á heildarþátttöku karla og kvenna né eftir ólíkum menntunarstigum. Aðrar baksviðsbreytur (aldur, hjúskaparstaða, fjölskyldutekjur og búseta) höfðu marktæk tengsl við heildarþátttöku í peningaspilum. Yngsti aldurshópurinn og þeir sem eru einhleypir spila síður vikulega en aðrir hópar. Einnig má sjá að þeir sem höfðu lægstu tekjurnar spiluðu sjaldnar vikulega eða oftár en aðrir tekjuhópar og fólk á landsbyggðinni var aðeins líklegra til að spila reglubundið peningaspil en fólk á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 4. Heildarþátttaka í peningaspilum eftir baksviðsbreytum

	Fjöldi	Ekki spilað peningaspil %	Sjaldnar en mánaðarlega %	A.m.k. mánaðarlega %	Vikulega eða oftar %	Kí- kvaðrat
Kyn						7,26
Karlar	893	28,0	23,4	29,3	19,2	
Konur	947	33,6	20,5	28,6	17,3	
Menntun						7,29
Grunnskóli	309	28,9	19,9	30,4	20,8	
Framhaldsskóli	633	30,8	22,4	29,7	17,1	
Háskóli	823	32,4	23,8	26,1	17,6	
Aldursflokkar						190,05***
18 – 25 ára	186	51,1	29,9	10,1	9,0	
26 – 40 ára	430	33,5	29,1	23,4	14,0	
41 – 55 ára	504	23,0	21,7	33,7	21,7	
56 – 75 ára	721	25,0	12,7	38,7	23,6	
Hjúskaparstaða						84,27***
Einhleyp/ur	336	40,4	30,0	17,5	12,1	
Hjónaband/samb.	1.273	28,5	20,7	31,2	19,6	
Fráskilin/n	116	26,2	13,6	35,9	24,3	
Ekill/ekkja	42	10,8	8,1	51,4	29,7	
Fjölskyldutekjur						36,6***
Undir 550 þ.	213	43,1	23,1	20,4	13,3	
550–899 þ.	279	26,6	24,2	30,0	19,1	
900–1.270 þ.	283	26,8	20,0	31,4	21,8	
1.271–1.799 þ.	297	27,2	23,5	29,1	20,1	
1.800 þ. og meira	315	25,4	20,4	33,1	21,1	
Búseta						8,54*
Höfuðborgarsvæðið	1.142	31,2	23,6	28,4	16,8	
Landsbyggðin	699	29,8	19,1	30,1	21,0	

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$

Niðurstöður fyrir þátttöku á annaðhvort innlendum eða erlendum vefsíðum voru einnig greindar eftir baksviðsbreytum.

Niðurstöður fyrir þátttöku á innlendum vefsíðum sýndu að enginn munur er á spilamennsku karla og kvenna á innlendum vefsíðum og spilamennska var aðeins meiri með aukinni menntun þátttakenda. Yngsti aldurshópurinn var

Ólíklegastur aldurshópa til að spila á innlendum vefsíðum og þeir sem hafa minnstar fjölskyldutekjur (550.000 eða lægri á mánuði) spiluðu síður á innlendum vefsíðum en aðrir tekjuhópar. Enginn munur var á þátttöku á innlendum vefsíðum eftir búsetu fólks (sjá töflu A í viðauka I).

Niðurstöður fyrir þátttöku á erlendum vefsíðum sýna að mikill munur er á þátttöku karla og kvenna þar sem mjög fáar konur spila peningaspil á erlendum vefsíðum. Einnig reyndust þátttakendur sem einungis hafa lokið grunnskólamenntun vera mun líklegri til að spila á erlendum vefsíðum en þeir sem hafa lokið meiri menntun. Slík spilamennska er helst stunduð af ungu fólki þar sem þátttaka meðal þeirra sem eru komnir yfir fertugt er mjög lítil. Þátttaka í peningaspilum á erlendum vefsíðum er aðeins tíðari meðal þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu en þó virðist sem aðeins fleiri stundi vikulega þátttöku á landsbyggðinni (sjá töflu B í viðauka I).

4.2 Tíðni þátttöku eftir mismunandi tegundum peningaspila

Lottó var eftir sem áður vinsælasta peningaspilið meðal landsmanna, en alls höfðu um 46% spilað í Lottó a.m.k. einu sinni undanfarna 12 mánuði fyrir könnun (sjá töflu 5). Því næst komu flokkahappdrætti (32,3%), bingó og skafmiðakaup (um 12%).

Póker var vinsælast meðal þeirra sem leggja fé undir í spilum en fáir taka þátt í skipulögðum pókermótum. Tæplega 4% þátttakenda hefur tekið þátt í getraunum og rúmlega 2% spilað í Lengjuni. Athyglisvert var að fleiri kaupa getraunaseðla (1x2 eða Lengjuna) á netinu en á almennum sölustöðum.

Tafla 5. Tíðni þátttöku í mismunandi innlendum peningaspilum á Íslandi

Tegund peningaspila	Fjöldi	A.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum % (öryggisbil)	Mánaðarlega %	Vikulega eða oftar %
Heildarþátttaka í Lottó	897	46,2 (44,0–48,5)	7,2	16,4
Lottó á sölustöðum	463	24,3 (22,4–26,3)	4,1	1,7
Lottó á netinu/Lottóapp	371	19,5 (17,7–21,4)	4,7	1,9
Lottóáskrift á netinu/Lottóapp	273	13,4 (11,9–15,1)	–	13,4
Flokkahappdrætti	643	32,3 (30,1–34,4)	32,3	–
Skafmiðar	216	12,7 (11,2–14,3)	0,6	0,1
Bingó	230	12,8 (11,3–14,4)	0,0	0,0
Spilakassar	45	3,2 (2,5–4,1)	0,2	0,1
Heildarþátttaka í spilum	77	5,4 (4,4–6,5)	0,4	0,0
Póker (með spilum)	74	5,2 (4,2–6,3)	0,4	0,0
Bridge, vist (önnur borðspil)	7	0,5 (0,3–1,0)	0,1	0,0
Mótapóker	5	0,4 (0,2–0,8)	0,1	0,0
Heildarþátttaka í getraunum (1x2)*	69	3,8 (3,0–4,8)	1,0	0,6
Getraunir (1x2) á sölustöðum	27	1,5 (1,0–2,2)	0,3	0,2
Getraunir (1x2) á netinu/Lengjuappinu	53	3,1 (2,4–4,1)	0,8	0,4
XG settu mark á leikinn	9	0,6 (0,3–1,0)	0,1	0,0
Heildarþátttaka í Lengjunni**	41	2,4 (1,8–3,2)	0,8	0,1
Lengjan á sölustöðum	10	0,7 (0,4–1,2)	0,2	0,1
Lengjan netinu/Lengjuappinu	37	2,1 (1,5–2,9)	0,6	0,1
Lengjan í beinni	10	0,7 (0,4–1,2)	0,1	0,1
Veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt	20	1,5 (1,0–2,1)	0,2	0,1
Leynileg spilavíti	5	0,4 (0,2–0,8)	0,0	0,0

* Heildarþátttaka í getraunum vísar aðeins til sölustaða og sölu á netinu/Lengjuappinu, XG er ekki talin sem hluti af heildarþátttöku í getraunum.

** Heildarþátttaka í Lengjunni vísar aðeins til sölustaða og sölu á netinu/Lengjuappinu, Lengjan í beinni er ekki talin sem hluti af heildarþátttöku í Lengjunni.

Tafla 6 sýnir tíðni þátttöku í mismunandi peningaspilum á erlendum vefsíðum. Algengustu form peningaspila á netinu voru veðmál um úrslit eða atburði íþróttaleikja. Rúmlega 2% þátttakenda höfðu lagt fé undir í spilakössum á netinu og um 2,5% höfðu spilað önnur peningaspil á netinu undanfarna 12 mánuði fyrir könnunina. Færri spiluðu netpóker (1,6%) og enginn hafði keypt sér skafmiða á netinu undanfarna 12 mánuði fyrir könnun.

Tafla 6. Tíðni þátttöku í mismunandi peningaspilum á erlendum vefsíðum

Tegund peningaspila	Fjöldi	A.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum % (öryggisbil)	Mánaðarlega %	Vikulega eða oftar %
Netpóker	22	1,6 (1,1–2,3)	0,3	0,0
Skafmiðar	0	0,0 (0,0–0,0)	0,0	0,0
Spilakassar	26	2,4 (1,8–3,2)	0,4	0,4
Veðja á úrslit íþróttaleikja	63	4,5 (3,6–5,6)	1,5	1,0
Veðja á atburði íþróttaleikja	46	3,4 (2,6–4,3)	0,5	0,7
Önnur peningaspil á netinu (t.d. 21, rúlletta)	30	2,6 (0,8–1,7)	0,7	0,1

4.3 Ítarlegri greining á þátttöku í mismunandi peningaspilum

Þátttaka Íslendinga í mismunandi peningaspilum var greind frekar. Ekki var alltaf unnt að reikna tengsl þátttöku í mismunandi peningaspilum og baksviðsbreyta þar sem mjög fáir þátttakendur spiluðu sumar tegundir peningaspila. Til að reikna tengsl sem flestra tegunda peningaspila við baksviðsbreytur var þátttöku í peningaspilum tvískipt (1 = spila ekki, 2 = spilar). Hafa ber í huga að tengsl peningaspila við baksviðsbreytur geta ráðist af öðru samhengi. Þannig er mögulegt að ef t.d. einhleypir spila eitt peningaspil meira en aðrir hópar má hugsanlega skýra það með aldri þátttakenda þar sem yngstu þátttakendurnir eru líklegastir til að vera einhleypir.

Einnig var reiknuð meðaleyðsla fyrir hvert peningaspil. Dreifing eyðslu var undantekningarlaust jákvætt skekkt. Fáir sögðust eyða mjög háum upphæðum í peningaspil sem leiðir til þess að meðaltal verður hærra og gefur því ekki rétta mynd af meðaleyðslu. Því var ávallt gefið upp meðaltal, staðalfrávik og miðgildi eyðslu fyrir hvert peningaspil. Miðgildi er sú tala sem skiptir öllum tölum dreifingar í tvennt þannig að helmingur er fyrir ofan miðgildið og helmingur fyrir neðan það. Miðgildi er því iðulega betra mat á meðalgildi en meðaltal í mjög skekktum dreifingum þar sem miðgildi er ekki eins háð skekkju í dreifingu.

4.3.1 Lottó

Alls höfðu rúmlega 46% þátttakenda spilað a.m.k. einu sinni eða oftari í Lottó undanfarna 12 mánuði fyrir könnunina. Tæplega fimmtungur (24,3%) kaupir miða á almennum sölustöðum (t.d. í söluturnum), en 19,5% höfðu keypt staka miða á vefsíðu Íslenskrar getspár eða Lottóappinu og um 13% voru með

lottómiða í áskrift (sjá nánar í töflu 5). Kannað var: (1) hversu margir höfðu keypt lottómiða síðustu 12 mánuði á öllum þremur sölustöðunum; (2) hversu margir keyptu miða á sölustöðum og á netinu; (3) hversu margir keyptu miða á sölustöðum og voru í áskrift og (4) hversu margir keyptu miða á netinu og voru í áskrift. Um 1,6% þátttakenda höfðu keypt lottómiða á öllum þremur stöðunum, um 3,8% keyptu miða á sölustöðum og á netinu, 2,1% á sölustöðum og voru í áskrift og 1,7% voru í áskrift og keyptu á netinu. Einnig var kannað í hversu miklum mæli fólk keypti miða í mismunandi tegundum Lottó, þ.e. Lottó 5/40, Víkingalottó eða Eurojackpot. Niðurstöður greindar eftir mismunandi sölustöðum má sjá í töflu 7. Óháð sölustöðum er ljóst að flestir kaupa miða í Lottó 5/40, því næst í Víkingalottó og síst í Eurojackpot.

Tafla 7. Mismunandi tegundir Lottó

Sölustaðir Lottó	Lottó 5/40	Víkingalottó	Eurojackpot
Lottó á sölustöðum	87,5%	43,7%	26,2%
Lottó á netinu	92,1%	60,3%	43,1%
Lottó í áskrift á netinu (á mán.)	88,7%	46,8%	20,1%

Gerð var greining á þátttöku í Lottó eftir baksviðsbreytum (sjá töflu C í viðauka I). Menntun, aldur, hjúskaparstaða og fjölskyldutekjur höfðu sterk tengsl við kaup á lottómiðum á almennum sölustöðum en tengsl voru engin við kyn eða búsetu. Þeir sem hafa keypt lottómiða á almennum sölustöðum á síðustu 12 mánuðum voru líklegri til að hafa lokið grunn- og framhaldsskóla en háskólamenntun, vera á aldrinum 41 til 75 ára og vera fráskildir eða hafa misst maka. Þeir voru einnig líklegri til að hafa fjölskyldutekjur á bilinu 550.000 til 1.270.000 kr. á mánuði en lægri eða hærri tekjur.

Þeir sem keyptu staka miða á vefsíðu Íslenskrar getspar eða í Lottóappinu voru líklegri til að vera með framhalds- eða háskólamenntun, á aldrinum 26 til 55 ára, í hjónabandi eða sambúð og með fjölskyldutekjur hærri en 900.000 kr. á mánuði (sjá nánar töflu C í viðauka I).

Þeir sem voru í áskrift að lottómiðum á netinu voru marktækt líklegri til að vera konur, eldri en 41 árs, með fjölskyldutekjur yfir 550.000 kr. á mánuði og vera í hjónabandi/sambúð, fráskildir eða ekkjar/ekkjur (sjá nánar töflu C í viðauka I).

Þátttakendur voru einnig beðnir um að áætla hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir keyptu lottómiða. Eins og sjá má í töflu 8 benda meðaltöl til að eyðsla lottóspilara sé svipuð hvort sem þeir kaupir sér lottómiða á almennum sölustöðum eða á netinu. Mánaðarleg eyðsla í áskrift er skiljanlega aðeins hærri en eyðsla í hvert sinn á hinum stöðunum. Staðalfrávik

sýna að dreifing er mikil og þar sem dreifing er jákvætt skekkt gefur miðgildi mun betri mynd af meðalgildi en meðaltal.

Tafla 8. Meðaleyðsla í Lottó

Sölustaðir Lottó	Meðaltal	Staðalfrávik	Miðgildi
Lottó á sölustöðum	1.630 kr.	1.341 kr.	1.500 kr.
Lottó á netinu	1.659 kr.	1.153 kr.	1.500 kr.
Lottó í áskrift á netinu (á mán.)	3.456 kr.	4.719 kr.	2.293 kr.

4.3.2 Flokkahappdrætti:

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eiga rúmlega 32% landsmanna miða í flokkahappdrætti. Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ) er stærst, en 22,3% þátttakenda sögðust eiga miða í HHÍ, en álíka margir þátttakendur sögðust eiga miða í SÍBS (9,9%) og happdrætti DAS (10,1%). Kannað var hvort þátttakendur ættu miða í fleiri en einu flokkahappdrætti og í ljós kom að um 5% áttu bæði miða í HHÍ og DAS, 4,8% bæði í HHÍ og SÍBS og 2,9% í DAS og SÍBS. Rúmlega 2% áttu miða í öllum þremur flokkahappdrættunum. Þátttakendur voru einnig spurðir hvernig þeir hefðu keypt miða í flokkahappdrætti. Alls höfðu 30% keypt miða hjá umboðsmönnum, 22,7% á heimasíðum flokkahappdrætta og 52,1% höfðu keypt miða í gegnum síma hjá umboðsaðilum.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu í hverjum mánuði í kaup á miðum í flokkahappdrætti. Að meðaltali eyddu aðspurðir um 4.087 kr. (sf = 6.305 kr.) í flokkahappdrætti. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 2.200 kr.

Gerð var greining á þátttöku í flokkahappdrætti eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu C í viðauka I). Kyn, aldur, hjúskaparstaða og fjölskyldutekjur höfðu tengsl við kaup á miðum í flokkahappdrætti. Þeir sem áttu miða í flokkahappdrætti á síðustu 12 mánuðum voru líklegri til að vera konur en karlar, á aldrinum 41 til 75 ára, fráskildir/ar og ekkjur eða ekkjar og hafa fjölskyldutekjur yfir 550.000 kr. á mánuði.

4.3.3 Skafmiðar

Alls höfðu rúmlega 12,7% þátttakenda keypt skafmiða á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnunina (sjá nánar í töflu 5). Gerð var greining á skafmiðakaupum eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu C í viðauka I). Aðeins aldur og búseta höfðu tengsl við kaup á skafmiðum. Líkindi til þess að hafa

keypt skafmiða á síðustu 12 mánuðum voru marktækt meiri hjá þeim sem voru á aldrinum 26 til 40 ára. Elsti aldurshópurinn reyndist síst líklegur til að fjárfesta í skafmiðum. Einnig keyptu aðeins fleiri á landsbyggðinni skafmiða en á höfuðborgarsvæðinu.

Þátttakendur voru einnig spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert sinn sem þeir keyptu skafmiða. Að meðaltali eyddu skafmiðaspilarar um 907 (sf = 1.565 kr.) í skafmiðakaup. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 500 kr.

4.3.4 Skafmiðar á erlendum vefsíðum

Enginn keypti skafmiða á erlendum vefsíðum á undanförunum 12 mánuðum fyrir þessa könnun (sjá nánar töflu 6), sem er svo sem ekki mikil breyting frá síðustu könnun þar sem aðeins örfáir (0,2%) keyptu skafmiða á erlendum vefsíðum árið 2017.

4.3.5 Bingó

Alls kváðust um 12,8% svarenda hafa spilað í bingó á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnunina (sjá nánar í töflu 5). Þátttaka var greind eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu C í viðauka I). Menntun, aldur og búseta höfðu marktæk tengsl við bingó. Þeir sem spiluðu bingó á síðustu 12 mánuðum voru líklegri til að hafa lokið meiri menntun en grunnskóla og vera á aldrinum 18 til 55 ára. Einnig reyndust þeir sem búa á landsbyggðinni vera líklegri til að spila bingó en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

Þátttakendur voru einnig spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert sinn sem þeir spiluðu bingó. Að meðaltali eyða bingóspilarar um 1.857 (sf = 1.892 kr.) í bingó. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 1.500 kr.

4.3.6 Spilakassar

Alls höfðu um 3,2% þátttakenda spilað í spilakassa á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnunina (sjá nánar í töflu 5). Kyn, menntun, aldur, hjúskaparstaða, fjölskyldutekjur og búseta höfðu tengsl við þátttöku í spilakössum (sjá nánar töflu D í viðauka I). Þeir sem höfðu spilað í spilakassa á síðustu 12 mánuðum voru frekar karlmenn en konur, með grunn- eða framhaldsskólamenntun, á

aldrið 18 til 40 ára, líklegast einhleypir með fjölskyldutekjur á bilinu 550.000 til 899.000 kr. á mánuði og búsettir á höfuðborgarsvæðinu.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert sinn sem þeir spiluðu. Að meðaltali eyddu þeir um 4.200 (sf = 9.875 kr.) í hvert sinn. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 2.000 kr.

Kannað var hvar fólk spilaði helst í spilakössum. Spurt var um þátttöku á þremur stöðum: (1) spilakassar í söluturnum, á bensínstöðvum, skyndibitastöðum eða annars staðar; (2) spilakassar í spilasölum og (3) spilakassar á vínveitingastöðum (krám, veitingahúsum). Flestir reyndust spila í spilakössum í söluturnum, á bensínstöðvum, skyndibitastöðum eða annars staðar, en um 70% þátttakenda sem spila í spilakössum höfðu spilað á þessum stöðum. Til samanburðar spiluðu rúmlega 40% á vínveitingastöðum eða í spilasölum. Nánari greiningu á tíðni á hverjum stað má sjá í töflu 9.

Tafla 9. Tíðni þátttöku í spilakössum eftir staðsetningu

Staðsetning spilakassa	Aldrei	Sjaldnar en mánaðarlega	Mánaðarlega	Vikulega eða oftar
	%	%	%	%
Söluturnar, bensínstöðvar, skyndibitastaðir	30,2	62,9	3,5	3,4
Spilasalir	59,5	36,3	4,2	0,0
Vínveitingastaðir	53,7	43,8	2,5	0,0

4.3.6.1 Spilakassar og COVID-19

Spilakassaspilarar voru spurðir tveggja spurninga er tengdust rekstri spilakassa meðan á COVID-19-takmörkunum stóð. Fyrst voru þeir spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir voru með þær lokanir sem urðu á spilakössum meðan á COVID-19-takmörkunum stóð og því næst hvort þeir hefðu spilað í rafrænum spilakössum á erlendum vefsíðum meðan á lokunum á spilakössum vegna COVID-19-takmarkana stóð. Niðurstöður sýna að tæplega 20% spilara voru ánægðir með lokanir spilakassa, um 75% voru hvorki ánægðir né óánægðir og tæplega 5% voru óánægðir með þessar lokanir. Niðurstöður fyrir spilun í spilakassa á erlendum vefsíðum meðan á lokunum stóð sýndi að 14,2% spilakassaspilara spiluðu þá í rafrænum spilakassa á erlendum vefsíðum. Í framhaldi var skoðað hvort svör við þessum spurningum væru ólík eftir spilavandahópum. Engin tengsl voru við ánægju með lokanir ($\chi^2(6, N = 56) = 5,71, p > 0,05$) en marktæk tengsl voru við spilun á erlendum vefsíðum ($\chi^2(2, N = 56) =$

11,90, $p \leq 0,01$). Í ljós kom að enginn þeirra sem spilar vandkvæðalaust spilaði í rafrænum spilakassa á erlendri vefsíðu þegar spilakassar voru lokaðir hér á landi. Hins vegar reyndust 25% þeirra sem eiga við lítinn vanda að stríða og 40% þeirra sem eiga við verulegan vanda að stríða vegna þátttöku sinnar í peningaspilum hafa spilað í spilakössum á erlendum vefsíðum meðan á spilakassabanni stóð hér á landi.

4.3.7 Þátttaka í spilakössum á erlendum vefsíðum

Um 2,4% þátttakenda sögðust hafa spilað í spilakassa á erlendum vefsíðum (sjá nánar töflu 6). Kyn, menntun, aldur, fjölskyldutekjur og búseta höfðu tengsl við þátttöku í spilakössum á erlendum vefsíðum (sjá töflu D í viðauka I). Þeir sem höfðu spilað í spilakassa á erlendum vefsíðum á síðustu 12 mánuðum voru karlmenn, einungis með grunnskólamenntun, á aldrinum 18 til 25 ára og líklegast með fjölskyldutekjur á bilinu 550.000 til 899.000 kr. á mánuði. Einnig spiluðu fleiri á höfuðborgarsvæðinu í spilakössum á erlendum vefsíðum en landsbyggðarfólk. Þegar meðaltalseyðsla var skoðuð kom í ljós að spilarar eyddu að meðaltali um 9.887 (SF = 13.570 kr.) í hvert sinn. Dreifing var jákvætt skekk og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 5.000 kr.

4.3.8 Lagt undir í spilum

Alls höfðu 5,4% þátttakenda lagt peninga undir í spilum undanfarna 12 mánuði fyrir könnunina. Þátttaka í póker með spilum var mun meiri (5,2%) en í öðrum borðspilum (0,5%) eins og bridge eða vist (sjá nánar töflu 5). Einungis 0,3% höfðu lagt fé undir í bæði póker og öðrum borðspilum á undanförunum 12 mánuðum. Einnig var kannað hversu hátt hlutfall pókerspilara spilaði póker með spilum, mótapóker og netpóker. Tæplega hálf prósent (0,4%) þátttakenda spilaði allar þrjár tegundir pókers og rúmlega hálf prósent (0,6%) þátttakenda lagði fé undir í póker með spilum og í netpóker.

4.3.8.1 Póker með spilum

Þátttaka í póker með spilum var greind eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu D í viðauka I). Þeir sem höfðu lagt fé undir í póker á síðustu 12 mánuðum voru að langmestu leyti karlar, á aldrinum 18 til 40 ára og að mestu einhleypir. Tengsl við tekjur voru ekki eins skýr en þeir sem hafa fjölskyldutekjur undir 890.000 kr. eða á bilinu 1.271.000 til 1.799.000 kr. spila frekar póker en aðrir tekjuhópar. Póker með spilum var frekar spilaður á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir spiluðu póker með spilum. Að meðaltali eyddu pókerspilarar um 10.009 (sf = 29.482 kr.) í hvert sinn. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 5.000 kr.

4.3.8.2 Mótapóker

Mjög fáir spila mótapóker hér á landi, eða aðeins um 0,4% (n = 5), og eingöngu karlar. Eins og sjá má töflu D í viðauka I voru þátttakendur í mótapóker það fáir að engin greining fyrir baksviðsbreytu uppfyllti skilyrði marktektarprófs.

Fyrirvara verður líka að setja við greiningar á eyðslu þar sem þátttakendur voru mjög fáir en þessir örfáu mótapókerspilarar eyddu að meðaltali um 25.253 (sf = 30.524) krónum í hvert sinn sem þeir tóku þátt í mótum. Miðgildi reyndist vera 15.560 kr.

4.3.8.3 Netpóker

Alls höfðu 1,6% þátttakenda lagt peninga undir í netpóker á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnunina (sjá nánar í töflu 6). Gerð var greining á þátttöku í netpóker eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu D í viðauka I). Kyn og aldur höfðu marktæk tengsl við þátttöku í netpóker. Þeir sem höfðu lagt fé undir í netpóker á síðustu 12 mánuðum voru nánast eingöngu karlmenn og líklegri til að vera á aldrinum 18 til 25 ára en á öðrum aldri.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir spiluðu netpóker. Að meðaltali eyddu netpókerspilarar um 10.850 (sf = 13.043 kr.) í hvert sinn sem þeir spiluðu. Dreifing var til muna jákvætt skekkt og því var miðgildi reiknað. Miðgildi reyndist vera 4.505 kr.

4.3.8.4 Bridge, vist eða önnur borðspil

Aðeins 0,5% (n = 7) svarenda höfðu lagt peninga undir í bridge, vist eða öðrum borðspilum á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnunina (sjá nánar í töflu 5). Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti. Að meðaltali eyddu þeir sem leggja fé undir í bridge eða öðrum borðspilum um 2.902 (sf = 3.388 kr.) í hvert skipti. Miðgildi eyðslu í veðmál í tengslum við bridge eða önnur borðspil reyndist vera 1.765 kr.

4.3.9 Getraunir (1x2)

Alls höfðu 3,8% þátttakenda tekið þátt í getraunum (1x2) undanfarna 12 mánuði fyrir könnunina. Um 1,5% keyptu getraunaseðla í verslunum, söluturnum o.s.frv. en 3,1% keyptu getraunaseðla á netinu eða í Lengjuappinu (sjá nánar í töflu 5). Kannað var hversu hátt hlutfall getraunaspilara keypti bæði getraunaseðla á almennum sölustöðum og á netinu/Lengjuappinu. Alls keyptu 0,8% getraunaseðla á báðum stöðum.

4.3.9.1 Getraunaseðlar keyptir á almennum sölustöðum

Gerð var greining á þátttöku í getraunum þar sem getraunaseðlar voru keyptir í verslunum o.s.frv. eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu E í viðauka I). Marktæk tengsl á milli kaupa á getraunaseðlum á almennum sölustöðum og baksviðsbreyta reyndust aðeins vera við kyn. Þeir sem höfðu keypt getraunaseðla á almennum sölustöðum á síðustu 12 mánuðum voru fyrst og fremst karlmenn.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir keyptu getraunaseðla á almennum sölustöðum. Að meðaltali eyddu getraunaspilarar um 1.730 (sf = 1.430 kr.). Dreifing var jákvætt skekkt og var miðgildi 1.315 kr.

4.3.9.2 Getraunaseðlar keyptir á vefsíðu Íslenskra getrauna/í Lengjuappinu

Gerð var greining á þátttöku í getraunum þar sem getraunaseðlar eru keyptir á vefsíðu Íslenskra getrauna/í Lengjuappinu eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu E í viðauka I). Einungis kyn og aldur hafði marktæk tengsl við kaup á getraunaseðlum á netinu/í Lengjuappinu. Þeir sem keyptu getraunaseðla á síðu Íslenskra getrauna/í Lengjuappinu á síðustu 12 mánuðum voru nánast eingöngu karlmenn og þeir sem voru á aldrinum 18 til 40 ára keyptu frekar getraunaseðla á netinu/í Lengjuappinu en þeir sem eldri eru.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu að jafnaði í hvert skipti í kaup á getraunaseðlum á netinu/í Lengjuappinu. Að meðaltali var eyðslan um 1.459 (sf = 1.398 kr.) í hvert sinn. Dreifing var jákvætt skekkt og var miðgildi 1.000 kr.

4.3.9.3 XG settu mark á leikinn

XG settu mark á leikinn er nýlegur getraunaseðill með 13 leikjum hjá Íslenskri getspá þar sem leikmenn tippa á hversu mörg mörk eru gerð í hverjum leik. Alls höfðu 0,6% þátttakenda spilað í XG á síðustu 12 mánuðum fyrir könnunina. Gerð

var greining á þátttöku í XG eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu E í viðauka I). Kyn, menntun, aldur og fjölskyldutekjur reyndust hafa marktæk tengsl við XG. Þeir sem hafa tippað á fjölda marka í hverjum leik voru fyrst og fremst karlar, með grunnskólamenntun og yngri en 40 ára. Einnig reyndust þeir sem spila XG vera helst með fjölskyldutekjur undir 550.000 kr. á mánuði en einnig mátti finna þá í tekjuhópnum 900.000 til 1.270.000 kr. og hjá þeim sem eru með tekjur yfir 1.800.000 kr. á mánuði

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu að jafnaði í hvert skipti í kaup á getraunaseðlum í XG. Að meðaltali var eyðslan um 1.935 (sf = 2.367 kr.) í hvert sinn. Dreifing var jákvætt skekkt og var miðgildið 1.000 kr.

4.3.10 Lengjan

Alls höfðu 2,4% þátttakenda spilað í Lengjunni undanfarna 12 mánuði fyrir könnunina. Alls keyptu um 0,7% getraunaseðla í verslunum og á öðrum sölustöðum og um 2,1% keyptu á netinu eða í Lengjuappinu (sjá nánar í töflu 5). Einnig var kannað hversu hátt hlutfall keypti bæði á almennum sölustöðum og á netinu. Alls keyptu um 0,1% þátttakenda getraunaseðla í Lengjunni á báðum stöðum.

4.3.10.1 Getraunaseðlar í Lengjunni keyptir á almennum sölustöðum

Gerð var greining á þátttöku í Lengjunni þar sem getraunaseðlar voru keyptir á almennum sölustöðum eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu E í viðauka I). Tengsl kyns og aldurs þátttakenda voru marktæk. Þeir sem höfðu keypt getraunaseðla á síðustu 12 mánuðum voru einungis karlar á aldrinum 18 til 40 ára. Að meðaltali eyddu lengjuspilarar um 1.634 (sf = 1.388 kr.) í hvert skipti við kaup á getraunaseðlum á almennum sölustöðum. Miðgildið var 1.000 kr.

Þátttakendur voru einnig spurðir á hvaða úrslit íþróttaviðburða þeir veðjuðu helst þegar þeir keyptu getraunaseðla í Lengjunni á almennum sölustöðum. Allir þátttakendur veðjuðu einungis á úrslit fótboltaleikja þegar þeir keyptu getraunaseðla í Lengjunni á almennum sölustöðum.

4.3.10.2 Getraunaseðlar í Lengjunni keyptir á vefsíðu Íslenskra getrauna/í Lengjuappinu

Gerð var greining á þátttöku í Lengjunni þar sem getraunaseðlar voru keyptir á vefsíðu Íslenskra getrauna eða í Lengjuappinu eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu E í viðauka I). Kyn og aldur aðspurðra tengdist þátttöku í Lengjunni á netinu/Lengjuappinu. Þeir sem höfðu keypt getraunaseðla í Lengjunni á vefsíðu

Íslenskra getrauna eða í Lengjuappinu á síðustu 12 mánuðum voru nánast eingöngu karlmenn. Tengsl við aldur voru óljósari þar sem lítill munur var á milli aldurshópa, nema þeir sem voru eldri en 56 ára voru ólíklegastir til að kaupa getraunaseðla í Lengjunni á vefsíðu Íslenskra getrauna/í Lengjuappinu.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu að meðaltali í hvert sinn í getraunaseðla í Lengjunni á vefsíðu Íslenskra getrauna/í Lengjuappinu. Að meðaltali eyddu spilarar um 1.631 (sf = 2.148 kr.) í hvert sinn. Dreifing var jákvætt skekkt og reyndist miðgildi vera 1.000 kr.

Þátttakendur voru einnig spurðir á hvaða úrslit íþróttaviðburða þeir veðjuðu helst þegar þeir keyptu getraunaseðla í Lengjunni á vefsíðu Íslenskra getrauna/í Lengjuappinu. Allir þátttakendur veðjuðu á úrslit fótboltaleikja, auk þess veðjuðu 13,8% á úrslit handboltaleikja og 9,7% á úrslit körfuboltaleikja. Einnig reyndist einn (1,4%) hafa veðjað á úrslit bardagaíþróttar, golf eða tennis á vefsíðu Íslenskra getrauna/í Lengjuappinu.

4.3.11 Lengjan í beinni

Alls höfðu 0,7% þátttakenda (einungis karlmenn) tippað í beinni á netinu/í Lengjuappinu undanfarna 12 mánuði fyrir könnunina (sjá nánar í töflu 5). Spilarar eyddu að meðaltali 2.710 (sf = 2.522 kr.) í hvert sinn sem þeir spiluðu í Lengjunni í beinni. Dreifing var jákvætt skekkt og var miðgildi 2.000 kr.

Þátttakendur voru einnig spurðir á hvaða atburði eða úrslit íþróttaviðburða þeir veðjuðu helst þegar þeir spiluðu í Lengjunni í beinni. Allir þátttakendur veðjuðu á atburði eða úrslit fótbolta, auk þess veðjuðu 8,4% á úrslit körfuboltaleikja og 7,1% á úrslit handboltaleikja. Ekki var veðjað á atburði eða úrslit annarra íþróttaviðburða á Lengjunni í beinni.

4.3.12 Veðjað á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum

Alls reyndust 4,5% þátttakenda hafa veðjað á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum undanfarna 12 mánuði fyrir könnunina (sjá nánar töflu 6). Kyn, aldur og hjúskaparstaða höfðu sterk tengsl við veðmál um úrslit íþróttakappleikja á erlendum síðum en einnig voru tengsl við menntun og fjölskyldutekjur (sjá nánar töflu F í viðauka I). Þeir sem nota erlendar vefsíður til að veðja á úrslit íþróttakappleikja voru flestir ungir eða frekar ungir karlar (18–40 ára) og líklegir til að vera einhleypir. Tengsl við menntun og fjölskyldutekjur benda til að þeir sem hafa grunn- eða framhaldsskólamenntun séu líklegri til slíkra veðmála en þeir sem hafa háskólamenntun. Slík veðmál voru mest

áberandi hjá tekjuhópnum 550.000 til 899.000 kr. á mánuði og minnst hjá tekjuhópnum 1.271.000 til 1.799.000.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu í hvert sinn í veðmál um úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum. Að meðaltali eyddu þátttakendur um 6.361 (sf = 13.590 kr.) í hvert sinn sem þeir veðjuðu á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum. Dreifing var mjög jákvætt skekkt og reyndist miðgildi vera 2.500 kr.

Þátttakendur voru einnig spurðir á hvaða úrslit íþróttaviðburða þeir veðjuðu helst á erlendum vefsíðum. Langflestir veðjuðu á úrslit fótbolta (86,2%), auk þess veðjuðu 32,9% á niðurstöðu bardagaíþróttar, 16,6% á úrslit handboltaleikja og 11,1% á úrslit körfuboltaleikja. Einnig var nokkuð veðjað á úrslit í golfi (5,1%), íshökkí (4,6%) og tennis (4,2%) en lítið á úrslit annarra íþróttagreina.

Að síðustu voru þátttakendur spurðir um ástæður þess að þeir notuðu erlendar vefsíður til að veðja á úrslit íþróttakappleikja. Helstu ástæður sem merkt var við voru eftirfarandi: meira úrval íþróttakappleikja (47,9%), betri uppsetning á leikjum á erlendu vefsíðunum (44,1%) og betri stuðlar (36,4%). Einnig voru nefndar ástæður eins að viðkomandi fylgdist meira með íþróttum sem færu fram erlendis (n = 2), þær væru betri á þessum markaði (n = 2), þægilegri og meiri upplýsingar veittar (n = 3).

4.3.13 Veðjað á atburð eða úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum

Alls reyndust 3,4% þátttakenda hafa veðjað á atburði eða úrslit íþróttakappleikja meðan á þeim stendur (e. *live betting*) á erlendum vefsíðum undanfarna 12 mánuði fyrir könnunina (sjá nánar töflu 6). Kyn, aldur, hjúskaparstaða og fjölskyldutekjur höfðu helst tengsl við veðmál um yfirstandandi atburði eða úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum (sjá nánar töflu F í viðauka I). Karlmenn voru mun líklegri en konur til að stunda slík veðmál og einnig reyndust þeir sem eru á aldrinum 18 til 25 ára stunda slík veðmál í áberandi meira mæli en aðrir aldurshópar. Tekjuhópurinn 550.000 til 899.000 kr. á mánuði var mun líklegri en aðrir tekjuhópar til að stunda slík veðmál og einnig reyndust þeir sem eru einhleypir mun líklegri en aðrir til að veðja á yfirstandandi atburði eða úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu í hvert sinn í veðmál á atburði eða úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum. Að meðaltali eyddu þátttakendur um 4.997 (sf = 8.894 kr.) í hvert sinn sem þeir veðjuðu á

yfirstandandi atburði eða úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum. Dreifing var jákvætt skekkt og reyndist miðgildi vera 2.500 kr.

Þátttakendur voru einnig spurðir á hvaða atburði eða úrslit íþróttaviðburða þeir veðjuðu helst á erlendum vefsíðum. Langflestir veðjuðu á atburði eða úrslit í fótbolta (89,4%) en auk þess veðjuðu 30,7% á atburði í bardagaíþróttum, 21,7% á atburði í handbolta og 15,0% á atburði í körfubolta. Einnig var nokkuð veðjað á golf (5,3%) og íshokki (3,3%), en lítið á aðrar íþróttagreinar.

Að síðustu voru þátttakendur spurðir um ástæður þess að þeir notuðu erlendar vefsíður til að veðja á atburði eða úrslit íþróttakappleikja. Helstu ástæður sem merkt var við voru eftirfarandi: betri stuðlar (51,3%), meira úrval atburða í leikjum til að veðja á (44,8), meira úrval íþróttakappleikja (44,6%) og betri uppsetning á leikjum á erlendu vefsíðunum (41,7%).

4.3.14 Önnur peningaspil á erlendum vefsíðum

Um 2,6% þátttakenda höfðu spilað önnur peningaspil (t.d. 21, rúllettu) á erlendum vefsíðum undanfarna 12 mánuði fyrir könnunina (sjá nánar í töflu 6). Gerð var greining á þátttöku eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu F í viðauka I). Könnuð voru tengsl kyns, menntunar, aldurs, hjúskaparstöðu og fjölskyldutekna þátttakenda í öðrum peningaspilum á erlendum vefsíðum. Karlar reyndust mun líklegri en konur til að hafa spilað önnur peningaspil á erlendum vefsíðum og spilarar voru helst með grunnskólamenntun á aldrinum 18 til 25 ára. Einnig kom í ljós að spilarar voru helst einhleypir með tekjur allt að 899.000 kr. á mánuði. Þátttakendur voru spurðir hvaða peningaspil þeir spiluðu helst á slíkum vefsíðum og svo virðist sem rúlletta sé helst spiluð (64,8%) og 21 (e. *Blackjack*) (59,6%) í rafrænum spilavítum á erlendum vefsíðum.

Þátttakendur eyddu að meðaltali um 6.945 (sf = 8.762 kr.) í hvert sinn sem þeir spiluðu önnur peningaspil á erlendum vefsíðum. Miðgildi var 5.000 kr.

4.3.15 Veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt

Alls höfðu um 1,5% þátttakenda veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnunina (sjá nánar í töflu 5). Gerð var greining á þátttöku eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu F í viðauka I). Tengsl voru á milli kyns og aldurs þátttakenda. Þeir sem veðjuðu á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt á síðustu 12 mánuðum voru aðallega karlar á aldrinum 18 til 25 ára.


Þátttakendur voru einnig spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu í hvert sinn í veðmál um eigin frammistöðu. Að meðaltali eyddu þeir um 3.893 (sf = 7.657 kr.). Dreifing var jákvætt skekkt og var miðgildi 2.000 kr.

4.3.16 Leynileg spilavíti

Aðeins 0,4% þátttakenda höfðu spilað peningaspil í leynilegum spilavítum hérlandis (sjá nánar töflu 5). Gera þarf fyrirvara um tölfræðilega greiningu vegna þess hve fáir spiluðu í leynilegum spilavítum (n = 5). Aðeins var hægt að greina kynjamun þátttakenda í veðmálum í leynilegum spilavítum. Þeir sem spiluðu í leynilegum spilavítum voru eingöngu karlar. Þegar skoðað var hvað þessir fáu karlar eyddu miklu í leynilegum spilavítum í hvert sinn sem þeir heimsóttu slíka staði kom í ljós að þeir eyddu að meðaltali 25.397 (sf = 15.486 kr.). Miðgildi eyðslu var 20.000 kr.

4.4 Mat á hagnaði eða tapi í peningaspilum

Þátttakendur voru beðnir um að leggja mat á hvort þeir hefðu hagnast eða tapað á þátttöku sinni í peningaspilum undanfarna 12 mánuði fyrir könnunina. Einnig voru þeir beðnir um að áætla hagnað eða tap á sama tíma. Á mynd 2 kemur fram mat þeirra á því hvort þeir hafi tapað eða hagnast undanfarna 12 mánuði.



Mynd 2. Mat þátttakenda á því hvort þeir hafi hagnast eða tapað fé í peningaspilum

Flestir telja sig annaðhvort vera á sléttu (hvorki hafa tapað né unnið) eða hafa tapað lítillega. Fáir sögðust hafa tapað eða hagnast mikið.

Þátttakendur voru einnig beðnir um að leggja mat á þær upphæðir sem þeir hefðu hagnast eða tapað undanfarna 12 mánuði. Dreifing breyta um hagnað og tap voru jákvætt skekktar þar sem fáir höfðu annaðhvort hagnast eða tapað stórum upphæðum. Meðaltal, staðalfrávik og miðgildi voru því reiknuð fyrir hagnað og tap þátttakenda og má sjá hér aftar.

4.4.1 Hagnaður af peningaspilum undanfarna 12 mánuði


Alls töldu 12,7% þátttakenda sig hafa hagnast á þátttöku í peningaspilum undanfarna 12 mánuði. Meðalhagnaður þeirra var 245.000 (sf = 1.427.534 kr.). Breytan *hagnaður* var augljóslega mjög jákvætt skekkt og frekari athugun sýndi að einn þátttakandi sagðist hafa hagnast um 20.000.000 kr. á síðastliðnu ári. Því ber að líta frekar til miðgildis hagnaðar og var það 31.725 kr. undanfarna 12 mánuði.

4.4.2 Tap í peningaspilum undanfarna 12 mánuði

Helmingur þátttakenda sagðist hafa tapað á þátttöku sinni í peningaspilum. Meðaltap var 35.748 kr. (sf = 144.606 kr.). Breytan *tap* var því einnig mjög jákvætt skekkt og frekari athugun sýndi að einn þátttakandi hafði tapað 2.000.000 kr. á síðastliðnu ári. Því ber að líta frekar til miðgildis fyrir tap og var það 12.000 kr. undanfarna 12 mánuði.

4.5 Ástæður fyrir þátttöku í peningaspilum

Í faraldsfræðilegum rannsóknum er mikilvægt að kanna af hverju fólk spilar peningaspil. Í þessari rannsókn voru þátttakendur sem höfðu spilað peningaspil á undanförunum 12 mánuðum beðnir um að taka afstöðu til 10 mismunandi ástæðna fyrir þátttöku sinni í peningaspilum. Fyrir hverja spurningu svöruðu þeir á fimm punkta stiku hversu lítilvægar eða mikilvægar þeir teldu upptaldar ástæður vera fyrir þátttöku sinni. Meðaltöl kvenna og karla má sjá á mynd 3.



Mynd 3. Ástæður fyrir þátttöku í peningaspilum

* Táknað marktækan mun

Almennt séð virðast þátttakendur helst spila peningaspil til að styrkja gott málefni en einnig ánægjunnar vegna eða til að græða peninga. Í framhaldinu var kannað hvort ástæður fyrir þátttöku í peningaspilum væri ólík milli karla og kvenna. Reiknuð voru 10 óháð t–próf og til að leiðrétta fyrir fjölda samanburða voru marktæktarmörk leiðrétt með Bonferonileiðréttingu eða $0,05/10 = 0,005$. Í ljós kom að enginn munur var á milli kynja hvað varðaði ástæður eins og *ég spila peningaspil til að græða peninga, til að dreifa huganum, til að draga úr depurð* ($p > 0,005$). Karlur voru hins vegar líklegri en konur til að spila peningaspil spennunnar vegna, ánægjunnar vegna, til að drepa tímann, til að hitta annað fólk, vegna þess að það er ódýr afþreying eða til að nýta spilahæfileika ($p \leq 0,005$). Konur voru hins vegar líklegri en karlar til að spila peningaspil til að styðja gott málefni ($p \leq 0,005$).

5 Spilafíkn

5.1 Algengi spilafíknar

Þeir sem höfðu spilað a.m.k. eitt peningaspil á síðustu 12 mánuðum svöruðu 9 atriða matskvarða sem nefnist Problem Gambling Severity Index (PGSI) og metur alvarleika spilavanda. Í töflu 10 má sjá niðurstöður á mati á algengi spilafíknar meðal þátttakenda. Um 3,7% teljast vera í dálitilli hættu á að þróa með sér spilavanda (e. *low risk gambling*), 1,6% í nokkurri hættu (e. *moderate risk gambling*) og 0,7% uppfylltu greiningarskilmerki PGSI fyrir líklega spilafíkn (e. *probable pathological gambling*).

Tafla 10. Greining spilafíknar fyrir allt úrtakið samkvæmt PGSI

Tafla 10. Greining spilafíknar fyrir allt úrtakið samkvæmt PGSI

Skor	Greiningarhópur	%	n	Öryggisbil (95%)	
				Lægri mörk	Efri mörk
–	Spila engin peningaspil	30,9	544	28,8	33,1
0	Spila án vandkvæða	63,2	1.205	60,9	65,4
1– 2	Lítill hættu á vanda vegna peningaspila	3,7	54	2,9	4,6
3– 7	Nokkur hættu á vanda vegna peningaspila	1,6	20	1,1	2,3
8+	Líkleg spilafíkn	0,7	8	0,3	1,2

Algengt er í rannsóknum af þessum toga að hópunum *nokkur hættu á vanda* og *líkleg spilafíkn* sé slegið saman í einn hóp um spilavanda. Spilavandi tekur þá til þess hóps sem á í verulegum vandkvæðum vegna þátttöku í peningaspilum. Algengi spilavanda reyndist vera 2,3% (öryggisbil: 1,7–3,1).

Séu þessar tölur heimfærðar yfir á alla Íslendinga á aldrinum 18–75 ára í landinu snemma árs 2023 (N = 226.581) má áætla að um 1.968 (öryggisbil 679–2.719) manns á aldrinum 18–75 ára eigi líklega við spilafíkn að stríða. Ef spilavandi (2,3%) er reiknaður má gera ráð fyrir að u.þ.b. 5.211 (öryggisbil: 3.851–7.024) einstaklingar eigi við verulegan vanda að stríða.

Algengt er í rannsóknum af þessu tagi að kanna einnig algengi greiningarhópa spilavanda eingöngu á meðal þeirra sem spila peningaspil. Niðurstöður sýna að 1,0% þeirra sem spila peningaspil uppfylla greiningarskilyrði PGSI um líklega spilafíkn og 2,3% til viðbótar eiga í verulegum vanda vegna þátttöku sinnar (sjá töflu 11).

Tafla 11. Greining á spilafíkn meðal þeirra sem spiluðu peningaspil undanfarna 12 mánuði samkvæmt PGSI

Skor	Greiningarhópur	%	n	Öryggisbil (95%)	
				Lægri mörk	Efri mörk
0	Spila án vandkvæða	91,4	1.205	89,7	92,8
1 – 2	Lítill hættu á vanda vegna peningaspila	5,3	54	4,2	6,7
3 – 7	Nokkur hættu á vanda vegna peningaspila	2,3	20	1,6	3,3
8+	Líkleg spilafíkn	1,0	8	0,5	1,7

Tengsl PGSI og baksviðsbreyta voru einnig könnuð. Eins og sjá má í töflu 12 voru skýr tengsl milli greiningarhópa PGSI og baksviðsbreyta. Karlar voru mun líklegri en konur til að eiga við spilavanda að stríða og einnig reyndist yngsti aldurshópurinn líklegri til að eiga við spilavanda að stríða en þeir sem eldri eru. Spilavandi var einnig algengari meðal þeirra sem hafa einungis grunnskólamenntun miðað við þá sem hafa framhalds- eða háskólamenntun og reyndist vandinn algengari hjá lögsta tekjuhópnum miðað við aðra tekjuhópa. Engin tengsl fundust þó við búsetu og má því telja að algengi spilavanda á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni sé áþekkt, almennt séð.

Tafla 12. Algengi spilavanda eftir baksviðsbreytum

	Spila ekki	Án vandkvæða	Lítill hættu	Spilavandi	Kí-kvaðrat
	%	%	%	%	
Kyn					58,67***
Karlar	28,3	61,6	6,1	4,0	
Konur	33,6	64,6	1,2	0,5	
Menntun					35,23***
Grunnskóli	29,1	60,9	4,4	5,5	
Framhaldsskóli	30,8	63,3	4,5	1,5	
Háskóli	32,4	64,4	2,4	0,8	
Aldursflokkar					208,92***
18 – 25 ára	51,8	30,7	10,6	6,9	
26 – 40 ára	33,8	59,1	4,3	2,8	
41 – 55 ára	23,0	73,9	2,2	0,9	
56 – 75 ára	25,0	73,2	1,2	0,7	
Hjúskaparstaða					140,05^a
Einhleyp/ur	40,6	43,9	8,6	6,9	
Hjónaband/sambúð	28,5	68,3	2,3	0,8	
Fráskilin(n)	26,2	69,9	1,9	1,9	
Eckill/ekkja	10,8	89,2	0,0	0,0	
Fjölskyldutekjur					87,07***
Undir 550 þ.	43,0	47,3	3,5	6,3	
550–899 þ.	26,5	62,2	8,8	2,4	
900–1.270 þ.	26,7	68,3	2,1	2,8	
1.271–1.799 þ.	27,2	67,9	3,7	1,1	
1.800 þ. og meira	25,4	73,6	1,1	0,0	
Búseta					6,89
Höfuðborgarsvæðið	31,5	61,7	4,4	2,5	
Landsbyggðin	29,8	65,9	2,3	2,0	

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$ ^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktektarprófs

5.2 Tengsl spilavanda og þátttöku í peningaspilum

Tafla 13 sýnir þátttöku í peningaspilum eftir greiningarhópum spilavanda. Þegar þátttaka í öllum peningaspilum er skoðuð (efri hluti töflu 13) má sjá að eftir því sem spilavandinn er meiri þeim mun fleiri spila vikulega eða oftar peningaspil. Þegar þátttaka a.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum er skoðuð fyrir mismunandi tegundir peningaspila er eftirtektarvert að sjá að þeir sem eiga í spilavanda spila í meira mæli peningaspil á netinu en þeir sem spila vandkvæðalaust. Þetta gildir sérstaklega fyrir spilun peningaspila sem algeng eru í rafrænum spilavítum (t.d. 21, rúlletta) og spilakössum á netinu þar sem tæplega helmingur þeirra sem eiga við spilavanda að stríða hefur spilað þessi peningaspil á netinu. Einnig má sjá meiri þátttöku spilavandahópa í veðmálum um úrslit eða atvik íþróttaleikja á erlendum vefsíðum og rúmlega 10% hafa keypt miða í getraunum og Lengjunni á vefsíðu Íslenskrar getspár. Athyglisvert er að lítill munur er á spilavandahópnum og þeim sem eiga við lítinn vanda að stríða fyrir þátttöku í íþróttaveðmálum og jafnvel virðist sem fleiri í síðarnefndum hópi veðji á atburði íþróttaleikja. Einnig er nokkur munur milli hópa sem spila í spilakössum og póker (með spilum) þar sem spilavandahópurinn er líklegri til að spila þessi peningaspil en aðrir hópar. Að lokum ber að nefna þá athyglisverðu niðurstöðu að þeir sem spila vandkvæðalaust spila marktækt meira í flokkahappdrætti en þeir sem eiga við spilavanda að stríða.

Í framhaldi var kannað hvort munur væri á fjölda peningaspila sem þátttakendur spiluðu undanfarna 12 mánuði eftir greiningarhópum spilavanda. Þeir sem spiluðu án vandkvæða spiluðu að meðaltali 1,7 (sf = 0,98) peningaspil, þeir sem voru í litlum vanda spiluðu að meðaltali 3,5 (sf = 2,37) peningaspil og þeir sem áttu við spilavanda að stríða spiluðu að meðaltali 4,0 (sf = 2,42) peningaspil ($F(2, 1403)=152,978, p \leq 0,001$). Munur á milli hópa var kannaður með Tamhane eftir á prófi og reyndist hann marktækur á milli þeirra sem spila vandkvæðalaust og þeirra sem voru í litlum vanda og þeirra sem eiga við spilavanda að stríða. Hins vegar var enginn munur á þátttöku þeirra sem eiga við lítinn vanda að stríða og þeirra sem teljast eiga við spilavanda að stríða.

Tafla 13. Þátttaka í peningaspilum eftir greiningarhópum um spilavanda

	Spilar vandkvæðalaust n = 1.205	Lítill áhætta vegna þátttöku n = 54	Spilavandi n = 28	Allir n = 1.287
Heildarþátttaka í peningaspilum**				
Sjaldnar en mánaðarlega	30,3	35,6	25,6	30,5
A.m.k. mánaðarlega	45,2	31,5	30,2	44,1
Vikulega eða oftár	24,4	32,9	44,2	25,5
Eftir tegundum peningaspila				
Lottó á sölustöðum	37,3	26,0	16,7	36,1
Lottó á netinu	25,9	34,2	20,9	26,2
Lottó í áskrift á netinu	19,2	19,2	7,0	18,8
Flokkahappdrætti***	50,8	21,9	32,6	48,8
Skafmiðar	15,8	20,0	30,2	16,5
Spilakassar***	2,3	21,9	23,8	4,0
Spilakassar á netinu***	0,7	18,1	46,5	3,0
Póker (með spilum)***	4,6	27,4	30,2	6,5
Netpóker ^a	0,3	15,1	27,9	1,9
Mótapóker ^a	0,0	4,1	11,6	0,6
Bridge,vist (önnur borðspil) ^a	0,4	4,1	4,7	0,7
Getraunir (1x2) ^a	1,8	5,6	0,0	1,9
Getraunir (1x2) á netinu***	3,5	11,0	11,6	4,1
XG settu mark á leikinn ^a	0,5	1,4	9,3	0,8
Lengjan ^a	0,8	4,1	0,0	0,9
Lengjan á netinu***	2,1	8,2	11,6	2,7
Lengjan í beinni ^a	0,5	4,1	4,7	0,8
Veðjað á úrslit íþróttaleikja á erlendum vefsíðum***	2,9	35,6	38,1	5,6
Veðjað á atburði íþróttaleikja á erlendum vefsíðum***	1,9	34,7	20,9	4,1
Bingó	16,8	27,4	14,0	17,2
Veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt ^a	1,2	8,2	9,5	1,9
Leynileg spilavíti ^a	0,2	2,7	7,0	0,5
Önnur peningaspil á netinu***	0,7	23,3	48,8	3,3

*** $p \leq 0.002$ ^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs.

5.3 Þrepaskipt fjölbreytulógistísk aðhvarfsgreining

Framangreindar einbreytugreiningar benda til að flestar baksviðsbreytur og reglubundin þátttaka í sumum peningaspilum sé allt hugsanlegir áhættuþættir fyrir spilavanda meðal fullorðinna. Það er hins vegar áhugavert að kanna tengsl þessara breytna við spilavanda eftir að búið er að stilla af sameiginlega dreifingu þeirra. Til dæmis er hugsanlegt að aldur þátttakenda skýri tengsl spilavanda við menntun þar sem yngstu þátttakendurnir eru líklegastir til að hafa minni menntun en þeir sem eldri eru. Einnig er hugsanlegt að óskýrð samdreifni á milli mismunandi tegunda peningaspila hafi áhrif á tengsl þessara breytna við spilavanda þar sem þeir sem glíma við spilavanda spila fleiri peningaspil en þeir sem spila vandkvæðalaust.

Til að kanna þetta nánar var gerð þrepaskipt fjölbreytulógistísk aðhvarfsgreining (e. *hierarchical loglinear multiple regression*) á spilavanda (0 = ekki spilavandi; 1 = spilavandi). Í hópnum *spilavandi* í þessari greiningu er að finna alla sem teljast eiga við einhvern vanda að stríða vegna þátttöku sinnar í peningaspilum (þ.e. lítil og nokkur hætta á vanda og líkleg spilafíkn). Til að stilla af áhrif baksviðsbreytana voru settar inn breytur kyn, menntun og aldur í þrep 1. Fjölskyldutekjur voru ekki hafðar með í þessari greiningu þar sem um fjórðungur þátttakenda gaf ekki upp upplýsingar um tekjur sínar. Eftir að búið er að stilla af áhrif baksviðsbreytana var þátttaka í mismunandi peningaspilum (0 = spila ekki tiltekið peningaspil, 1 = spila tiltekið peningaspil) sett inn í þrep 2. Þar sem þátttaka í sumum peningaspilum á netinu var lítil og samsláttur á milli sumra peningaspila var allnokkur (t.d. reyndust um 87% þeirra sem veðja á atburði íþróttakappleikja einnig veðja á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum) voru notaðar samsettar breytur fyrir peningaspil á netinu. Annars vegar breytan *peningaspil á innlendum vefsíðum* (Lottó á netinu; áskrift í Lottó; XG settu mark á leikinn, getraunir (1x2) á netinu, Lengjan á netinu, Lengjan í beinni) og hins vegar *peningaspil á erlendum vefsíðum* (spilakassar, netpóker, veðmál um úrslit íþróttakappleikja, veðmál um atburði íþróttakappleikja og önnur peningaspil á netinu, t.d. rúlletta, 21 o.s.frv.). Meginniðurstöður aðhvarfsgreiningar eru sýndar í töflu 14.

Tafla 14. Tengsl baksviðsbreytna og þátttöku í peningaspilum við spilavanda (þrepaskipt lógistísk aðhvarfsgreining)

	B	Wald-próf	Áhættuhlutfall (e. <i>odds ratio</i>)	Öryggisbil áhættuhlutfalla (e. <i>odds ratio</i>)
þrep 1				
Kyn	1,385	22,106**	3,996	2,243–7,118
Aldur	–0,903	58,185**	0,405	0,321–0,511
Menntun	–0,341	4,918*	0,711	0,527–0,961
þrep 2				
Spilakassar	0,986	5,558*	2,681	1,181–6,085
Póker með spilum	0,821	5,619*	2,273	1,153–4,481
Peningaspil á erlendum vefsíðum	2,685	76,395**	14,662	8,029–26,773

Líkan fyrir skref 1 ($\chi^2 = 136,073$, $p \leq 0,001$): Líkan fyrir skref 2 ($\chi^2 = 245,885$, $p \leq 0,001$)

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$

n = 1.217

Líkön fyrir bæði þrep reyndust marktæk og uppfyllti greiningin skilyrði lógistískrar aðhvarfsgreiningar (Hosmer–Lemeshow test = 6,637, $p = 0,576$). Allar baksviðsbreytur hafa marktæk tengsl við spilavanda. Niðurstöður sýna að áhættan (e. *odds*) fyrir spilavanda vera tæplega fjórum sinnum meiri fyrir karla en konur. Einnig benda niðurstöður fyrir aldur og menntun til þess að það dragi úr áhættu fyrir spilavanda eftir því sem fólk er eldra eða hefur meiri menntun (sjá þrep 1 í töflu 14). Þegar búið var að stilla af áhrif baksviðsbreytna reyndust aðeins tengsl þátttöku í spilakössum, pókers með spilum og peningaspilun á erlendum vefsíðum vera marktæk fyrir spilavanda (sjá þrep 2 í töflu 14). Þeir sem spila í spilakössum eða póker eru u.þ.b. tvisvar sinnum líklegri til að flokkast með einhvern spilavanda en þeir sem ekki spila þessi peningaspil. Tengslin eru mun sterkari fyrir spilun peningaspila á erlendum vefsíðum, en þeir sem hafa stundað slíka spilamennsku eru allt að 14 sinnum líklegri til að flokkast með einhver vandkvæði vegna þátttöku sinnar en þeir sem ekki spila á erlendum vefsíðum.

Þar sem það voru skýr tengsl spilavanda og þátttöku í peningaspilum á erlendum vefsíðum var kannað hvaða peningaspil á erlendum vefsíðum tengdust einhverjum spilavanda. Var því gerð önnur þrepaskipt fjölbreytulógistísk aðhvarfsgreining (hierarchical loglinear multiple regression) á spilavanda (0 = ekki spilavandi; 1 = spilavandi) þar sem aftur var stillt fyrst fyrir áhrif baksviðsbreytna í þrepi 1 (niðurstöður ekki sýndar, sjá þrep 1 í töflu 14) og síðan var þátttaka í mismunandi peningaspilum á erlendum vefsíðum (0

= spila ekki tiltekið peningaspil, 1 = spila tiltekið peningaspil) sett inn í þrep 2. Þetta voru peningaspilin netspilakassar, netpóker og önnur netpeningaspil (t.d. rúlletta, 21). Eins og áður hefur komið fram reyndust um 87% þeirra sem veðja á atburði íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum einnig veðja á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum. Af þeim ástæðum var búin til ein sameiginleg breyta beggja tegunda peningaspila sem snúast um netveðmál um íþróttakappleiki á erlendum vefsíðum. Meginniðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir netpeningaspil eru sýndar í töflu 15.

Tafla 15. Tengsl þátttöku í netpeningaspilum á erlendum vefsíðum við spilavanda (þrepaskipt lógistísk aðhvarfsgreining)

	B	Wald-próf	Áhættuhlutfall (e. <i>odds ratio</i>)	Öryggisbil áhættuhlutfalla (e. <i>odds ratio</i>)
þrep 2				
Netspilakassar	1,027	2,851	2,793	0,848–9,204
Netpóker	2,694	16,511**	14,789	4,033–54,234
Netveðmál íþróttaleikja	0,911	6,304*	2,486	1,221–5,062
Önnur netpeningaspil (t.d. 21, rúlletta)	2,133	14,224**	8,437	2,785–25,559

Líkan fyrir skref 2 ($\chi^2 = 111,312, p \leq 0,001$)

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$

n = 2.019

Líkanið fyrir netpeningaspil reyndist marktækt og uppfyllti skilyrði lógistískrar aðhvarfsgreiningar (Hosmer–Lemeshow test = 10,317, $p = 0,243$). Niðurstöður eru athyglisverðar þar sem þær benda til að netpóker og spilun peningaspila í rafrænum spilavítum (t.d. 21, rúlletta) tengist fyrst og fremst spilavandkvæðum hjá íslenskum almenningi. Einnig reynast vera tengsl á milli þess að veðja á úrslit og/eða atburði íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum og spilavandkvæða þar sem þeir sem það gera eru tvisvar sinnum líklegri til að flokkast með vandkvæði vegna peningaspilunar en þeir sem ekki stunda slík veðmál. Að síðustu, eins og kom fram í umræðu í tengslum við niðurstöður sem birtar voru í töflu 14, voru tengsl samsettrar breytu fyrir innlend netpeningaspil við spilavanda ekki marktæk. Samt sem áður var ákveðið að kanna hvort marktæk tengsl kynnu að vera á milli ólíkra tegunda innlendra netpeningaspila (eins og Lottó á netinu; áskriftar í Lottó; XG settu mark á leikinn, getrauna (1x2) á netinu, Lengjunnar á netinu, Lengjunnar í beinni) við spilavandkvæði. Niðurstöður má sjá í töflu 16.

Tafla 16. Tengsl þátttöku í innlendum netpeningaspilum við spilavanda (þrepaskipt lógistísk aðhvarfsgreining)

	B	Wald-próf	Áhættuhlutfall (e. <i>odds ratio</i>)	Öryggisbil áhættuhlutfalla (e. <i>odds ratio</i>)
Þrep 2				
Lottó á netinu	0,401	2,548	1,494	0,913–2,445
Áskrift í Lottó	0,178	0,290	1,195	0,625–2,286
XG settu mark á leikinn	0,403	0,211	1,496	0,268–8,359
Getraunir (1x2) á netinu	0,675	1,387	0,509	0,166–1,565
Lengjan á netinu	0,757	1,552	2,133	0,648–7,022
Lengjan í beinni	1,236	2,717	3,443	0,792–14,980


Líkan fyrir skref 2 ($\chi^2 = 160,585$, $p \leq 0,001$)

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$. n = 2.019

Í samræmi við niðurstöður fyrir samsetta breytu fyrir innlend peningaspil á netinu reyndust engin tengsl vera á milli mismunandi tegunda innlendra netpeningaspila og spilavanda.

5.4 Tengsl spilavanda við eyðslu í peningaspil

Kannað var hvort munur væri á eyðslu í peningaspil eftir spilavandahópum. Fyrst voru reiknuð tengsl spilavanda við heildarmat á því hvort þátttakendur teldu sig hafa tapað eða hagnast á þátttöku sinni í peningaspilum undanfarna 12 mánuði. Síðan var kannað hvort munur væri á milli spilavandahópa á upphæðum (miðgildum) sem fólk teldi sig hafa annaðhvort hagnast eða tapað í peningaspilum. Mynd 4 sýnir hlutfall þeirra sem hafa hagnast eða tapað í peningaspilum undanfarna 12 mánuði eftir spilavandahópum.



Mynd 4. Hlutfall spilavandahópa fyrir hagnað eða tap í peningaspilum

Tengsl spilavanda og heildarmats á hagnaði eða tapi voru marktæk ($\chi^2(4, N = 1253) = 38,57, p \leq 0,001$). Eins og búast mátti við telja flestir í hópi spilavanda sig hafa tapað á spilamennsku sinni og um helmingur þeirra sem teljast vera í lítilli áhættu eða spila vandkvæðalaust eru sama sinnis.

Í framhaldi var athugað hvort munur væri á þeim upphæðum sem spilavandahópar höfðu hagnað eða tapað undanfarna 12 mánuði (sjá töflu 17). Einungis eru birt miðgildi fyrir upphæðir þar sem nokkurt brottfall var í svörum og dreifing beggja breyta (hagnaður/tap) var mjög skekkt og jaðargildi mjög há. Ekki er lagt mat á hvort munur sé marktækur eða ekki og rétt er að fara mjög varlega í að túlka þessar tölur þar sem mjög fáir þátttakendur svöruðu. Til dæmis svöruðu aðeins 20 í hópnum *lítill vandi* spurningunni um hagnað og 5 í *spilavandahópnum* gáfu upp tölur um hagnað.

Tafla 17. Upphæðir sem fólk segist hafa tapað eða unnið í peningaspilum eftir spilavandahópum

Greiningarhópur	Hagnast í peningaspilum	Tapað í peningaspilum
	Miðgildi	Miðgildi
Spila án vandkvæða	30.000	10.000
Lítill hætta á vanda vegna peningaspila	87.700	28.965
Spilavandi	29.375	51.500

Að síðustu var kannað hvort hægt væri að reikna meðaleyðslu fyrir mismunandi tegundir peningaspila eftir spilavandahópum. Ekki reyndist unnt að reikna þessar tölur með áreiðanlegum hætti þar sem mjög fáir reyndust vera í spilavandahópum fyrir einstök peningaspil og mikið um útlagagildi sem skekkja mjög meðalgildi hópanna.

6 Mat á viðhorfi fólks til peningaspila

Framboð peningaspila hefur verið deiluefni í ýmsum löndum og þá sérstaklega þar sem margir tengja spilun peningaspila við þær neikvæðu afleiðingar sem spilafíkn hefur haft í för með sér, þó að um sé að ræða lítinn hluta spillara. Tiltölulega fáar erlendar rannsóknir hafa kannað viðhorf almennings til peningaspila og fyrstu rannsóknir könnuðu helst viðhorf til ákveðinna tegunda peningaspila eins og spilakassa, spilavíta eða veðmála í tengslum við veðhlaupahesta eða aðrar íþróttir (Kristensen o.fl., 2023; Orford o.fl., 2009).

Fram til ársins 2011 var einnig lítið vitað um viðhorf almennings til peningaspila hér á landi en það ár var 14 atriða viðhorfskvarði er nefnist „The Attitudes Towards Gambling Scale” (ATGS–14– Orford, Griffiths, Wardle, Sproston og Erens, 2009) lagður fyrir þjóðarúrtak fullorðinna á aldrinum 18 til 70 ára (Daníel Þór Ólason, 2012). Helstu niðurstöður rannsóknar frá árinu 2011 voru þær að viðhorf almennings til peningaspila var frekar neikvætt og má t.d. nefna að meiri hluti fólks var sammála því að það væru of mörg tækifæri til að spila peningaspil, að það ætti að draga úr þátttöku fólks í peningaspilum og að peningaspil væru skaðleg fyrir fjölskyldulífið. Einnig var fólk frekar ósammála en sammála fullyrðingum um að peningaspil væru skaðlaus skemmtun eða að þau væru mikilvægur ávinningur fyrir þjóðfélag. En þrátt fyrir frekar neikvæða afstöðu til peningaspila árið 2011 taldi meiri hluti Íslendinga samt sem áður ekki rétt að banna rekstur peningaspila.

Þegar tengsl peningaspila við baksviðsbreytur voru kannaðar kom í ljós að konur voru marktækt neikvæðari í garð peningaspila en karlar en ungt fólk reyndist vera jákvæðara í garð peningaspila en þeir sem eldri voru. Engin tengsl voru við menntun. Að síðustu kom í ljós að þeir sem áttu við einhvern vanda að stríða vegna þátttöku sinnar í peningaspilum höfðu jákvæðara viðhorf til peningaspila en þeir sem spiluðu án vandkvæða og því oftast sem fólk spilaði peningaspil þeim mun jákvæðara viðhorf hafði það til peningaspila (Daníel Þór Ólason, 2012). Þess má geta að niðurstöður rannsóknarinnar frá árinu 2011 voru nokkuð áþekkar niðurstöðum í sambærilegum rannsóknum frá Kanada, Ástralíu, Bretlandi og annarra Norðurlandabjórða þar sem viðhorf almennings til peningaspila í þessum löndum er frekar neikvætt. Jafnframt eru áður nefnd tengsl við kyn og tíðni peningaspilunar svipuð (Canale o.fl., 2016; Kristensen o.fl., 2023; Salonen o.fl., 2014; Wardle o.fl., 2010).

Frá árinu 2011 hefur þó nokkur umræða átt sér stað í fjölmiðlum um rekstur ákveðinna tegunda peningaspila (t.d. spilakassa), um lögmæti þeirra (peningaspila á erlendum vefsíðum) og mögulega skaðsemi. Einnig hefur á síðustu árum verið rætt um möguleika spilakorta eða rafrænnar skráningar til að takmarka fjárhagslegan skaða sem peningaspil kunna að valda hópi spilara, sérstaklega vegna þátttöku þeirra í spilakössum (skýrsla starfshóps um álitæfni tengd tekjuöflun Happraættis HÍ, 2021; skýrsla starfshóps dómsmálaráðherra um réttarbætur á sviði happraættismála, 2022). Í ljósi þessa var ákveðið að endurtaka mælingar á viðhorfi landsmanna frá árinu 2011 til að kanna hvort breytingar hefðu orðið. Í þessu samhengi er vert að nefna að viðhorf Finna til peningaspila varð aðeins jákvæðara frá 2011 til 2015 (Salonen o.fl., 2017) og væri forvitnilegt að sjá hvort samsvarandi breytingar hefðu orðið á viðhorfi Íslendinga.

Í þessari rannsókn notuðum við 8 atriða útgáfu af viðhorfakvarðanum sem þykir hentugri í faraldsfræðilegum rannsóknnum en 14 atriða útgáfan. 8 atriða útgáfan hefur í raun mjög sambærilega og ásættanlega próffræðilega eiginleika og lengri útgáfan og er meira notuð í rannsóknnum af þessu tagi (Canale, 2016; Kristensen o.fl., 2023).

Í töflu 18 má sjá meðaltöl hvernar fullyrðingar er mynda viðhorfakvarðann, heildarmeðaltal kvarðans og hlutfall þeirra sem voru sammála hverri fullyrðingu árin 2011 og 2023. Hver fullyrðing er metin á fimm punkta stiku frá *mjög sammála* til *mjög ósammála* og niðurstöður eru túlkaðar þannig að meðaltöl yfir 3,0 merkja að viðhorf sé jákvætt gagnvart peningaspilum og meðaltöl undir 3,0 merkja að viðhorfið sé neikvætt. Fyrir heildarskor allra fullyrðinga táknað skorið 24 hlutleysi, en skor undir 24 að viðhorf sé frekar neikvætt og yfir 24 að viðhorf til peningaspila sé frekar jákvætt (Kristensen o.fl., 2023; Wardle o.fl., 2010).

Niðurstöður benda til að almenningur á Íslandi sé frekar neikvæður í garð peningaspila þar sem flest meðaltöl fullyrðinga eru undir 3,0. Undantekningar frá þessu eru helst fullyrðingarnar „Fólk ætti að eiga rétt á að spila peningaspil hvenær sem það vill“ og „það væri betra ef peningaspil væru með öll bönnuð“ þar sem meðaltölin liggja við 3,0 sem bendir til hlutlausrar afstöðu, að meðaltali.

Áhugavert er að skoða samanburð á milli ára fyrir hlutfall þeirra sem voru sammála viðhorfafullyrðingunum. Til dæmis má sjá í töflu 18 að þó að meiri hluti fólks væri bæði árin sammála því að það væru „of mörg tækifæri til að spila peningaspil nú á dögum“ (atriði 1) voru marktækt færri sem samþykktu það árið 2023. Í annan stað töldu fleiri þátttakendur árið 2023 að peningaspil

væru skaðleg fyrir fjölskyldulífið (atriði 5) og að það væri betra ef peningaspil væru með öllu bönnuð (atriði 8).

Þess ber þó að geta að allt bendir til að minni hluti þjóðar sé á því að banna peningaspil þar sem flestir eru annaðhvort ósammála eða hlutlausir (hvorki sammála né ósammála) þeirri fullyrðingu að það væri betra ef peningaspil væru með öllu bönnuð.² Að lokum er athyglisvert að árið 2023 voru færri sammála þeim fullyrðingum að þegar á heildina væri lítið væru peningaspil mikill ávinningur fyrir þjóðfélagið og að peningaspil hresstu upp á lífið og tilveruna en voru árið 2011.

² Tafla G í viðauka I sýnir hlutfall allra svara við fullyrðingum viðhorfskvarðans, þ.e. þeirra sem voru sammála, hvorki sammála né ósammála eða ósammála hverri fullyrðingu.

Tafla 18. Viðhorf til peningaspila: Meðaltal, staðalfrávik og samanburður á hlutfalli þeirra sem voru sammála á árunum 2011 og 2023

Atriði	Meðaltal 2023 (staðalfrávik)	Hlutfall sammála 2023	Hlutfall sammála 2011
1. Það eru of mörg tækifæri til að spila peningaspil nú á dögum	2,00 (1,02)	70,8%	74,9%*
2. Fólk ætti að eiga rétt á að spila peningaspil hvenær sem það vill [#]	2,99 (1,21)	40,1%	44,1%
3. Það ætti að reyna að draga úr þátttöku fólks í peningaspilum	2,10 (1,04)	70,1%	66,7%
4. Flestir spila peningaspil skynsamlega [#]	2,58 (1,18)	28,1%	31,6%
5. Peningaspil eru skaðleg fyrir fjölskyldulífið	2,02 (0,92)	75,8%	69,2%*
6. Þegar á heildina er litið eru peningaspil mikill ávinningur fyrir þjóðfélagið [#]	2,11 (1,04)	11,7%	16,6%*
7. Peningaspil hressa upp á lífið og tilveruna [#]	2,28 (1,11)	17,2%	26,5%*
8. Það væri betra ef peningaspil væru með öllu bönnuð	3,09 (1,25)	33,3%	27,9%*
Heildarskor (summa atriða)	19,26 (5,85)	–	–

[#] Skor þessara atriða voru snúin þannig að meðaltöl atriða yfir 3,0 merkja að viðhorf er jákvætt gagnvart peningaspilum en meðaltöl lægri en 3,0 merkja að viðhorf er neikvætt

* Leiðrétt var fyrir fjölda samanburða og marktæktarmörk voru sett við 0,006

Heildarskor viðhorfalistans bendir enn fremur til frekar neikvæðs almenns viðhorfs til peningaspila. Niðurstöður benda því til að neikvætt viðhorf almennings á Íslandi til peningaspila hafi frekar aukist ef miðað er við svör frá árinu 2011 en almenningur telur eftir sem áður ekki rétt að banna alfarið rekstur peningaspila.

6.1 Greining á heildarskori viðhorfa til peningaspila eftir baksviðsbreytum

Næst var heildarskor viðhorfa til peningaspila skoðað eftir baksviðsbreytum könnunar (sjá töflu 19). Tengsl reyndust vera á milli heildarskori viðhorfa til peningaspila og kyns, aldurs og hjúskaparstöðu. Karlar reyndust ekki vera eins neikvæðir gagnvart peningaspilum og konur og tengsl við aldur benda til að yngri aldurshóparnir séu ekki eins neikvæðir og þeir eldri. Tengsl við hjúskaparstöðu benda til að viðhorf ekkla og ekkja til peningaspila sé neikvæðara en viðhorf þeirra sem eru einhleypir, giftir eða í sambúð.

Tafla 19. Heildarskor viðhorfs til peningaspila eftir baksviðsbreytum

Baksviðsbreytur	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Marktektarpróf (t-próf eða einföld Anova)
Kyn				
Karlar	705	20,67	5,64	5,326***
Konur	660	19,14	7,89	
Menntun				
Grunnskóli	333	19,64	5,20	0,917
Framhaldsskóli	513	20,15	5,46	
Háskóli	497	19,90	5,30	
Aldursflokkar				
18 – 25 ára	247	21,13 ^a	4,70	21,074***
26 – 40 ára	401	20,83 ^{ab}	5,23	
41 – 55 ára	343	19,85 ^b	5,51	
56 – 70 ára	375	18,26 ^c	5,30	
Hjúskaparstaða				
Einhleyp/ur	360	20,66 ^a	4,85	5,233***
Hjónaband/sambúð	904	19,78 ^{ab}	5,51	
Fráskilin/n	55	18,69 ^{ab}	5,02	
Ekill/ekkja	27	17,56 ^b	5,61	
Fjölskyldutekjur				
Undir 550 þ.	200	19,45	4,92	1,869
550–899 þ.	217	20,56	5,22	
900–1.270 þ.	221	19,56	5,45	
1.271–1.799 þ.	221	20,29	4,97	
1.800 þ. og meira	223	20,05	6,03	
Búseta				
Höfuðborgarsvæðið	894	20,06	5,27	1,118
Landsbyggðin	472	19,07	5,47	

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$. Marktækur munur er á meðaltölum merkt mismunandi bókstöfum.

6.2 Tengsl heildarskors viðhorfa til peningaspila við spilahegðun og spilavanda

Að lokum var kannað hvort munur væri á viðhorfi fólks til peningaspila eftir þátttöku þess í peningaspilum og spilavandahópum (sjá töflu 20). Munur reyndist vera á viðhorfi eftir þátttöku þar sem þeir sem spila frekar mörg peningaspil voru ekki eins neikvæðir eða jafnvel jákvæðir gagnvart peningaspilum en þeir sem annaðhvort spila ekki eða spila fá peningaspil. Einnig kom í ljós að þeir sem spila án vandkvæða og þeir sem eiga við spilavanda að stríða eru mun neikvæðari gagnvart peningaspilum en þeir sem

teljast vera í lítilli hættu á að glíma við vanda vegna þátttöku sinnar í peningaspilum.

Tafla 20. Heildarskor viðhorfa til peningaspila eftir spilapáttöku og spilavanda

Spilapátttaka og spilavandi	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Marktektarpróf (t-próf eða einföld Anova)
Fjöldi peningaspila				
Ekkert peningaspil	427	19,12 ^a	4,96	12,473 ^{***}
Eitt peningaspil	414	19,60 ^a	5,08	
Tvö peningaspil	309	19,98 ^{ab}	5,61	
Þrjú peningaspil	120	21,28 ^b	5,65	
Fjögur peningaspil	40	21,47 ^{abc}	5,53	
Fimm eða fleiri peningaspil	57	24,28 ^c	5,02	
Greiningarhópar spilavanda				
Án vandkvæða	847	20,12 ^a	5,44	8,108 ^{***}
Lítill hættu á vanda	61	23,02 ^b	5,35	
Spilavandi	31	19,96 ^a	5,45	

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$. Marktækur munur er á meðaltölum merktum mismunandi bókstöfum.

6.3 Viðhorf til spilakorta eða rafrænnar skráningar og takmörkunar á aðgengi landsmanna til peningaspila á erlendum vefsíðum

Nokkur umræða hefur verið um notkun svokallaðra takmörkunarkerfa (e. *limit setting systems*) í formi spilakorta eða rafrænnar skráningar við spilun peningaspila á Íslandi, sérstaklega í tengslum við spilakassa (skýrsla starfshóps um álitaefni tengd tekjuöflun Hapdrættis HÍ, 2021; skýrsla starfshóps dómsmálaráðherra um réttarbætur á sviði happdrættismála, 2022). Slíkt form spilamennsku hefur verið tekið upp annars staðar á Norðurlöndum og er markmið þess fyrst og fremst að draga úr mögulegum fjárhagslegum skaða spilara (Lyckberg o.fl., 2023). Einnig bjóða slík kerfi upp á ýmsa aðra möguleika, svo sem að halda spilara upplýstum um þann tíma og það fé sem hann ver í spilamennsku og gefa honum tækifæri til að stilla sjálfur hversu miklum peningum hann er tilbúinn að eyða í tiltekið peningaspil. Einnig getur rekstraraðili sett slík mörk. Aðrir möguleikar í tengslum við skráningu spilara eru til að mynda að hægt er að koma til hans upplýsingum um spilavanda, breytingar á spilamennsku og spilari getur tekið spilavandapróf og fengið leiðsögn um aðstoð ef þörf er á. Síðast en ekki síst bjóða slík kerfi upp á að spilari geti sett sig í bann (t.d. í 24 tíma, viku, mánuð, ár eða ótímabundið) frá

tilteknu peningaspili eða jafnvel öllum þeim peningaspilum sem væru hluti af slíku kerfi.

Þátttaka Íslendinga í peningaspilum á erlendum vefsíðum er nokkuð umdeild og hafa verið uppi mismunandi skoðanir um hvort og þá hvernig yfirvöld eigi að takmarka aðgengi að slíkum peningaspilum (sjá t.d. skýrslu starfshóps dómsmálaráðherra um réttarbætur á sviði happdrættismála, 2022). Í ljósi þessa þótti áhugavert að kanna viðhorf Íslendinga til þessara málefna. Þetta var gert með því að biðja svarendur þessarar könnunar um að taka afstöðu til eftirfarandi þriggja fullyrðinga: „1. Það ætti að taka upp notkun spilakorta eða rafræna skráningu fyrir þá sem spila í spilakössum“, „2. Það ætti að taka upp notkun spilakorta eða rafræna skráningu fyrir allar tegundir peningaspila hér á landi“ og „3. Það ætti að koma í veg fyrir aðgengi Íslendinga að erlendum vefsíðum sem bjóða upp á spilun peningaspila“. Niðurstöður viðhorfamælinga til þessara þriggja fullyrðinga má sjá í töflu 21.

Meðaltölin gefa til kynna frekar hlutlausa afstöðu til viðfanga viðhorfaspurninga, þó má segja að tilhneigingin sé frekar jákvæð gagnvart fullyrðingu 1 og frekar neikvæð gagnvart fullyrðingum 2 og 3. Ef við skoðum hlutföll þeirra sem voru sammála og ósammála þessum fullyrðingum þá styðja þau þessa niðurstöðu þar sem fleiri voru sammála en ósammála fullyrðingu um að það ætti að taka upp spilakort eða rafræna skráningu fyrir spilakassa en á hinn bóginn voru fleiri ósammála en sammála fullyrðingunni um að slíkt hið sama væri gert fyrir allar tegundir peningaspila hér á landi. Athyglisvert var einnig að það eru fleiri ósammála en sammála þeirri fullyrðingu að það ætti að koma í veg fyrir aðgengi Íslendinga að spilun peningaspila á erlendum vefsíðum.

Tafla 21. Viðhorf til spilakorta og takmarkanir á aðgengi erlendra vefsíðna: Meðaltal, staðalfrávik og hlutfall þeirra sem voru sammála eða ósammála fullyrðingunum

Atriði	Meðaltal (staðalfrávik)	Hlutfall sammála	Hlutfall ósammála
1. Það ætti að taka upp notkun spilakorta eða rafræna skráningu fyrir þá sem spila í spilakössum	3,05 (1,27)	38,0%	32,0%**
2. Það ætti að taka upp notkun spilakorta eða rafræna skráningu fyrir allar tegundir peningaspila hér á landi	2,83 (1,25)	31,1%	40,6%**
3. Það ætti að koma í veg fyrir aðgengi Íslendinga að erlendum vefsíðum sem bjóða upp á spilun peningaspila	2,95 (1,31)	35,5%	42,4%**

** $p \leq 0,01$

Í framhaldi voru könnuð tengsl svara við þessum viðhorfafullyrðingum við baksviðsbreytur, þátttöku í peningaspilum og spilavanda (sjá niðurstöður í töflum H, I og J í viðauka I). Þar sem tekjur höfðu engin tengsl við viðhorf til þessara þátta var þeim sleppt úr töflum. Þegar niðurstöður svara við fullyrðingu um notkun spilakorta eða rafrænnar skráningar í rekstri spilakassa voru skoðaðar kom í ljós að kyn, menntun, aldur og hjúskaparstaða hafði marktæk tengsl við afstöðu fólks (sjá töflu H í viðauka I). Þannig voru karlar frekar sammála en konur og fleiri sem hafa einungis lokið grunnskóla sammála fullyrðingunni en þeir sem meiri menntun hafa. Tengsl við aldur var flóknara viðfangsefni, en segja má að tilhneigingin sé að 18–25 ára og 41–55 ára séu frekar sammála en ósammála þessari fullyrðingu, en á hinn bóginn voru þeir sem eru á aldrinum 56–75 ára frekar ósammála en sammála fullyrðingunni. Eftirtektarvert var að engin tengsl virtust vera við spilun í spilakössum annars vegar og spilavandahópa hins vegar við þessa fullyrðingu.

Þegar niðurstöður svara við fullyrðingu um notkun spilakorta eða rafrænnar skráningar í rekstri allra peningaspila kom í ljós að kyn, menntun, aldur, hjúskaparstaða og spilun peningaspila höfðu marktæk tengsl við afstöðu fólks (sjá töflu I í viðauka I). Konur voru líklegri til að taka hlutlausa afstöðu til þessarar fullyrðingar en karlar og varðandi menntun var tilhneigingin sú að þeir sem höfðu einungis lokið grunnskóla voru frekar sammála fullyrðingunni en þeir sem meiri menntun hafa. Einnig kom í ljós að eldri aldurshópar voru frekar ósammála en þeir sem yngri eru og fyrir hjúskaparstöðu var eindregnari

neikvæða afstöðu að finna hjá þeim sem teljast til frásildra eða ekkla/ekkja. Tengsl við spilun peningaspila var óljós en svo virðist sem meiri líkur séu á að þeir sem höfðu spilað peningaspil a.m.k. einu sinni á síðastliðnu ári voru líklegri til að vera annaðhvort sammála eða ósammála þessari fullyrðingu en þeir sem spiluðu engin peningaspil á tímabilinu.

Að síðustu má sjá í töflu J í viðauka I niðurstöður fyrir fullyrðinguna „3. Það ætti að koma í veg fyrir aðgengi Íslendinga að erlendum vefsíðum sem bjóða upp á spilun peningaspila“. Þar má sjá að kyn, menntun, aldur, hjúskaparstaða og spilun peningaspila á erlendum vefsíðum og spilavandi höfðu marktæk tengsl við afstöðu fólks til þessarar fullyrðingar. Karlar voru mun líklegri en konur til að vera ósammála lokun erlendra vefsíðna og einnig virðast þeir sem eru með meiri menntun frekar vera ósammála því en þeir sem hafa aðeins grunnskólamenntun. Þegar kemur að aldri og hjúskaparstöðu má sjá að elsti aldurshópurinn og þeir sem teljast til hópsins ekkla/ekkjur eru helst sammála lokun og yngsti aldurshópurinn helst ósammála. Að lokum er eftirtektarvert að þeir sem hafa reynslu af því að spila peningaspil á erlendum vefsíðum eru í algjörum meiri hluta (81%) á móti því að aðgengi að erlendum vefsíðum verði takmarkað og einnig er eftirtektarvert að svipað má segja um þá sem teljast til hópsins lítil hættu á vanda vegna peningaspila (65,5%).

7 Andleg líðan og Athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD)

Tengsl kvíða, depurðar og streitu var kannað í sambærilegri rannsókn árið 2017 og þá reyndust engin tengsl vera á milli spilavanda og depurðar og kvíða en þeir karlar sem áttu við spilavanda að stríða skorðu hins vegar hærra í streitu en þeir sem spiluðu vandkvæðalaust. Ástæða var til þess að skoða þessi tengsl aftur í þessari rannsókn þar sem hún er gerð stuttu eftir að félagslegum takmörkunum vegna COVID-19 lauk en nýleg rannsókn benti til neikvæðra áhrifa COVID-19 á geðheilsu fólks (Magnúsdóttir o.fl., 2022). Rannsóknir hafa jafnframt bent til þess að athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD) tengist spilavanda með þeim hætti að þeim sem stríða við athyglisbrest með ofvirkni er hættara við að lenda í vanda vegna þátttöku sinnar í peningaspilum en öðrum (Ólason og Grétarsson, 2011; Specker o.fl., 1995). Einkenni um depurð og kvíða voru metin með eftirfarandi spurningum: Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum fundið fyrir mikilli depurð eða þunglyndi í a.m.k. tvær vikur samfleytt? – og: Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum fundið fyrir miklum kvíða í a.m.k. tvær vikur samfleytt? Athyglisbrestur með ofvirkni var metinn með svörum við eftirfarandi spurningu: Hefur þú fengið greiningu um athyglisbrest, ofvirkni eða athyglisbrest með ofvirkni hjá geðlækni eða sálfræðingi? Að síðustu var streita þátttakenda metin með 4 atriða útgáfu Perceived Stress Scale (Cohen, Karmarck og Mermelstein, 1983).

Niðurstöður sýndu að 18,2% þátttakenda höfðu upplifað depurð eða þunglyndi og 21,7% greindu frá miklum kvíða í a.m.k. tvær vikur samfleytt á síðustu 12 mánuðum fyrir könnunina. Einnig kom í ljós að 12,9% sögðust hafa einhvern tímenn fengið greiningu um ADHD. Kannaður var hvort munur væri á líðan og tíðni þeirrar greiningar meðal karla og kvenna og kom í ljós að konur (20,6%) voru mun líklegri en karlar (15,9%) til að upplifa depurð eða þunglyndi ($\chi^2(1, N = 1769) = 6,58, p \leq 0,01$) og konur (25,9%) voru einnig líklegri til að greina frekar frá kvíða en karlar (17,4%) ($\chi^2(1, N = 1774) = 18,71, p \leq 0,001$). Enginn munur var hins vegar á tíðni greininga ADHD meðal karla (13,9%) og kvenna (11,9) ($\chi^2(1, N = 1766) = 1,71, p > 0,05$). Að lokum var kannaður kynjamunur í tengslum við streitu og í ljós kom að konur ($M = 7,17; SF = 2,69$) skorðu hærra en karlar ($M = 6,89; SF = 2,57$) ($t(1720) = 2,20, p \leq 0,05$). Þar sem kynjamunur var mjög skýr fyrir líðan og streitu og áður hefur verið greint frá skýrum kynjamun varðandi spilavanda (bls. 51) voru tengsl spilavanda við líðan og ADHD könnuð fyrir úrtakið í heild og einnig eftir kyni. Niðurstöður sýna að þeir sem áttu við spilavanda að stríða voru líklegri til að hafa glímt við depurð, þunglyndi eða kvíða í a.m.k. tvær vikur samfleytt en þeir sem glímdu ekki við spilavanda. Þessar niðurstöður gilda þó

aðeins fyrir karla þar sem of fáar konur voru í spilavandahópnum til að hægt væri að reikna mun á milli hópa. Sambærilegar niðurstöður fengust fyrir streitu þar sem karlar sem eiga við spilavanda að stríða skora hærra á streitukvarðanum en þeir sem spila vandkvæðalaust eða spila ekki peningaspil (sjá töflu 22). Athyglisvert er að karlar í spilavanda voru mun líklegri til að hafa fengið greiningu um ADHD en þeir sem ekki spila peningaspil eða gera það án vandkvæða.

Tafla 22. Tengsl spilavanda við depurð, kvíða, streitu og ADHD

	Spilar ekki/ vandkvæðalaust	Spilavandi
Depurð¹		
Allir	17,7%	43,9%***
karlar	14,6%	45,9%***
konur	20,6%	25,0% ^a
Kvíði¹		
Allir	21,3%	35,0%*
karlar	16,6%	29,7%*
konur	25,7%	75,0% ^a
Streita² (PSS)		
Allir	6,98	9,12***
karlar	6,81	8,82***
konur	7,15	11,73 ^a
Athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD)¹		
Allir	12,4%	34,1%***
karlar	13,0%	37,8%***
konur	11,9%	0,0% ^a

¹ Hlutfall þeirra sem svöruð já við spurningum um depurð, kvíða og ADHD.²

Meðaltöl á streitukvarða. ^a Fáar konur voru í spilavandahópnum og því uppfyllti fjöldinn ekki skilyrði marktæktarprófa.

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$.


8 Samanburður á niðurstöðum kannana frá 2007 til 2023

Meginniðurstöður þessarar rannsóknar voru bornar saman við niðurstöður sambærilegra rannsókna sem gerðar voru á árunum 2007, 2011 og 2017 og nær því samanburðurinn yfir 16 ára tímabil. Rétt er að geta þess að öll árin voru notaðar sambærilegar spurningar til að meta spilahegðun og einnig sama mælitæki til að meta algengi spilafíknar (PGSI). Þessi samfella í aðferðafræði tryggir nákvæman samanburð á tíðni spilahegðunar og algengi spilavanda milli ára.

8.1 Heildarþátttaka í peningaspilum á árunum 2007, 2011, 2017 og 2023

Borin var saman heildarþátttaka í peningaspilum undanfarna 12 mánuði yfir öll árin. Á mynd 5 má sjá að heildarþátttaka í peningaspilum jókst eftir 2007 en er nú áþekkt því sem þá var. Í framhaldi var kannað hvort mismunur hlutfalla á milli áranna 2017 og 2023 fyrir hvern spilahóp væri marktækur.³ Í ljós kom að marktæk breyting varð frá 2017 til 2023 á fjölda þeirra sem höfðu spilað peningaspil a.m.k. einu sinni undanfarna 12 mánuði ($Z = 6,078$, $p \leq 0,001$) og á fjölda þeirra sem spiluðu sjaldnar en einu sinni í mánuði ($Z = 3,974$, $p \leq 0,001$). Hins vegar reyndist hvorki vera munur á milli áranna á fjölda þeirra sem spiluðu mánaðarlega ($Z = 1,937$, $p > 0,05$) né þeirra sem spiluðu vikulega eða oftár ($Z = 0,125$, $p > 0,05$).

³ Gerður hefur verið samanburður á milli áranna 2005 og 2007, 2007 og 2011 og 2011 og 2017 (Daníel Þór Ólason, 2008; 2012; 2018).



Mynd 5. Samanburður á þátttöku í peningaspilum á árunum 2007, 2011, 2017 og 2023


Í framhaldi var athugað hvort einhverjar breytingar hefðu orðið á milli ára á spilahegðun karla og kvenna. Niðurstöður má sjá í töflu 23 og mynd 6. Þegar taflan er skimuð má sjá að breytingar yfir 16 ára tímabil eru áþekkar hjá báðum kynjum. Frá árinu 2007 til 2017 hafði fjöldi þeirra sem spilaði ekki peningaspil fækkað hjá báðum kynjum en vikuleg spilamennska jókst. Munur á milli kynja var einnig marktækur öll árin en karlar voru mun líklegri til að spila peningaspil vikulega eða oftar en konur öll árin.

Tafla 23. Samanburður á heildarpátttöku í peningaspilum á árunum 2007, 2011, 2017 og 2023 eftir kyni

	Árið 2007		Árið 2011		Árið 2017		Árið 2023	
	Karlar	Konur***	Karlar	Konur*	Karlar	Konur***	Karlar	Konur
Aldrei spilað peningaspil	30,3	35,9	21,8	26,0	20,8	24,7	28,0	33,6
Spilað sjaldnar en mánaðarlega	28,2	24,5	30,3	29,2	28,4	26,0	23,4	20,5
A.m.k. mánaðarlega	26,2	28,5	31,0	32,0	29,8	33,6	29,3	28,6
Vikulega eða oftár	15,3	11,1	16,9	12,7	21,0	15,7	19,2	17,3

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$

Í samanburði við fyrri ár dregur verulega úr spilapátttöku karla og kvenna árið 2023. Að vísu virðast fleiri konur nú spila vikulega eða oftár en gerðu áður (sjá mynd 6). Nú er því lítill munur á vikulegri spilamennsku karla og kvenna og ekki er lengur að finna marktækan mun á þátttöku í peningaspilum eftir kyni fyrir árið 2023.



Mynd 6. Vikuleg þátttaka í peningaspilum frá árinu 2007 eftir kyni

8.2 Þátttaka í mismunandi peningaspilum síðustu 16 ár

Í töflu 24 má sjá samanburð yfir 16 ára tímabil á heildarþátttöku í mismunandi löglegum peningaspilum hér á landi. Reiknaður var samanburður á milli þátttöku á árunum 2017 og 2023 en samanburður milli annarra ára hefur þegar verið reiknaður og birtur (Daníel Þór Ólason, 2018). Það sem er athyglisvert við niðurstöður í töflu 24 er að það dró úr heildarþátttöku í flestum innlendum peningaspilum nema flokkahappdrætti, bingó, Lengjunn í beinni og þegar veðjað er á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt. Það á þó ekki við um samþætta breytu fyrir innlenda netspilun, en hún jókst á tímabilinu.

Tafla 24. Samanburður á spilahegðun í löglegum peningaspilum frá árinu 2007

Tegund peningaspila	A.m.k. einu sinni undanfarna 12 mánuði			
	2007	2011	2017	2023
Lottó	45,7	60,6	56,0	46,2***
Flokkahappdrætti (öll)	27,4	29,5	34,8	32,3
Skafmiðar	18,5	20,7	23,4	12,7***
Spilakassar	11,0	9,5	8,9	3,2**
Getraunir (1x2)	6,9	7,7	6,7	3,8**
Lengjan	4,5	4,8	4,2	2,4**
Lengjan í beinni	0,7	0,7	0,8	0,7
Lagt undir í spilum	8,5	12,1	8,1	5,4**
Bingó	5,4	10,3	14,6	12,8
Veðja á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt	2,6	2,6	1,5	1,5
Leynileg spilavíti	0,4	1,0	0,9	0,4*
Innlend netspilun	13,8	16,7	24,4	30,8***

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$ ^a Fjöldi í reit uppfyllti ekki skilyrði marktektarprófs.

Einnig voru kannaðar breytingar á vikulegri spilamennsku innlendra peningaspila og í ljós kom að engar breytingar hafa orðið á vikulegri þátttöku í Lottó, getraunum (1x2) eða innlendra netspilamennsku. Ekki var hægt að gera samanburð fyrir aðrar tegundir peningaspila þar sem vikuleg spilamennska var of fátíð fyrir áreiðanlegan samanburð (sjá töflu K í viðauka I).

Í töflu 25 má sjá samanburð yfir 16 ára tímabil á heildarþátttöku í mismunandi peningaspilum á erlendum vefsíðum. Eins og áður var aðeins reiknaður samanburður á þátttöku á milli árána 2017 og 2023. Þátttaka í spilakössum á erlendum vefsíðum hefur aukist milli ára og það sama gildir um veðmál tengd peningaspilum sem helst er að finna í spilavítum eða rafrænum útgáfum þeirra

(t.d. rúllettu, 21). Það bendir því allt til þess að fleiri hafi spilað í spilakössum og lagt fé undir í spilum eins og rúllettu og 21 á erlendum vefsíðum á árinu 2023 en gerðu árið 2017.


Tafla 25. Samanburður á spilahegðun á erlendum vefsíðum frá árinu 2007

Tegund peningaspila	A.m.k. einu sinni undanfarna 12 mánuði			
	2007	2011	2017	2023
Netpóker	1,3	2,6	1,8	1,6
Skafmiðar	0,1	0,1	0,2	0,0 ^a
Spilakassar	0,4	0,7	1,3	2,4 ^{**}
Veðja á úrslit íþróttaleikja	0,4	1,0	4,3	4,5
Veðja á atburði íþróttaleikja	–	–	3,2	3,4
Önnur peningaspil á netinu (t.d. 21, rúlletta)	0,4	0,7	1,2	2,6 ^{**}
Erlend netspilun	1,6	3,3	5,7	6,6

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$; ^a Fjöldi í reit uppfyllti ekki skilyrði marktektarprófs

Nánast enginn spilaði vikulega eða oftár mismunandi peningaspil á erlendum vefsíðum og veðmál um úrslit íþróttaleikja og spilun á erlendum vefsíðum stendur nánast í stað frá árinu 2017 (sjá töflu L í viðauka I).

Athyglisvert er að dregið hefur nokkuð úr þátttöku í Íslenskum getraunum og Lengjunni frá árinu 2011 en að sama skapi hefur aukist þátttaka á erlendum vefsíðum sem bjóða upp á slík veðmál (sjá mynd 7). Á árinu 2023 voru fleiri sem lögðu undir fé í veðmáli um úrslit eða atburði íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum en gerðu hjá Íslenskri getspá.




Mynd 7. Þátttaka í innlendum og erlendum íþróttaveðmálum

8.3 Samanburður á greiningarhópum spilavanda frá 2007 til 2023

Kannað var hvort munur væri á greiningarhópum spilavanda frá árinu 2017.⁴ Eins og sjá má á mynd 8 eru færri sem falla í hópinn „Án vandkvæða“ árið 2023 en gerðu árið 2017 ($Z = 4,055$, $p \leq 0,001$) og sama á við um hópinn „Lítill hætta á vanda“ ($Z = 3,12$, $p \leq 0,01$). Enginn munur var á milli ára fyrir „Nokkur hætta á vanda“ ($Z = 2,36$, $p \geq 0,05$). Samanburður á hugsanlegri spilafíkn á milli ára bendir hins vegar til þess að aðeins fleiri stríddu við hugsanlega spilafíkn árið 2023 en gerðu árið 2017 ($Z = 2,013$, $p \leq 0,05$). Að lokum var spilavandi hópanna „Nokkur hætta á vanda“ vegna peningaspila og „Líkleg spilafíkn“ skoðaður sérstaklega og kom í ljós að jafnmargir stríddu við spilavanda árið 2023 (2,3%) og gerðu árið 2017 (2,3%), ($Z = 0,03$, $p \geq 0,05$).

⁴ Gerður hefur verið samanburður milli ára 2005 og 2007, 2007 og 2011 og 2011 og 2017 (Daníel Þór Ólason, 2008; 2012; 2018).



Mynd 8. Samanburður á greiningarhópum spilavanda fyrir árin 2007, 2011, 2017 og 2023

Að lokum var kannað hvort munur væri á spilavandahópum eftir kyni á milli ára. Í töflu 26 má sjá að breytingar á tíðni spilavanda á milli árunna 2017 og 2023 meðal karla má helst sjá fyrir hópinn „Líkleg spilafíkn“ en hlutfallið fyrir árið 2023 hefur hækkað nokkuð frá árinu 2017. Á móti kemur að aðeins færri flokkast í hópinn „Lítil hættu á vanda“ árið 2023 en gerðu árið 2017.

Tafla 26. Samanburður á greiningarhópum spilavanda frá árinu 2007 eftir kyni

	Árið 2007		Árið 2011		Árið 2017		Árið 2023	
	Karlar	Konur***	Karlar	Konur*	Karlar	Konur***	Karlar	Konur***
Aldrei spilað peningaspil	30,0	35,8	22,0	26,0	21,0	24,8	28,3	33,6
Spila án vandkvæða	58,1	60,7	65,5	71,2	67,3	71,0	61,7	64,6
Lítil hættu á vanda	9,4	2,8	8,1	2,1	8,3	3,0	6,1	1,2
Nokkur hættu á vanda	1,9	0,6	2,7	0,7	3,1	1,0	2,9	0,2
Líkleg spilafíkn	0,5	0,1	1,7	0,0	0,4	0,2	1,0	0,3

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$

Athyglisvert er að minni breytingar er að sjá á tíðni líklegrar spilafíknar hjá konum en körlum og í raun flokkast mjög fáar konur öll árin sem líklegir spilafíklar. Færri konur flokkast í hópana „Lítill hætta á vanda“ og „Nokkur hætta á vanda“ árið 2023 en gerðu árið 2017. Að lokum er mikilvægt að hafa í huga að eftir sem áður eru karlar mun líklegri en konur til að greinast með spilavanda.

9 Samantekt

Af niðurstöðum rannsóknar má draga þá ályktun að heldur hafi dregið úr heildarþátttöku Íslendinga í peningaspilum og svo virðist sem sú fjölgun sem varð í kjölfar efnahagshrunsins hafi gengið til baka þar sem hlutfall þeirra sem höfðu spilað peningaspil a.m.k. einu sinni undanfarna 12 mánuði fyrir könnun er nú áþekkt því sem var árið 2007. Einnig er athyglisvert að sú fjölgun á milli kannana fyrir tíða spilamennsku (einu sinni í viku eða oftar), sem ávallt hefur komið fram, varð ekki nú þar sem sami fjöldi spilaði einu sinni í viku eða oftar peningaspil árið 2023 og gerði 2017. Ítarlegri greining gagna bendir til þess að ástæðan sé sú að heldur hafi dregið úr reglubundinni spilun karla þó svo að konum haldi áfram að fjölga í þeim hópi (sjá mynd 6).

Áhugavert er að skoða þessar niðurstöður um heildarspilun í samhengi við niðurstöður nýjustu kannana á spilun peningaspila annars staðar á Norðurlöndum (sjá vinstri hluta töflu 27). Þar má sjá að þátttaka í peningaspilum er mest í Finnlandi (dálkur 3), en síðan koma Ísland og Noregur en þátttaka er áberandi minni í Danmörku og Svíþjóð. Yfir tímabilið má sjá að dregið hefur verulega úr þátttöku í Svíþjóð og Danmörku en meiri stöðugleiki virðist vera á þátttöku almennings í Finnlandi og Noregi.

Tafla 27. Þátttaka í peningaspilum og algengi spilavanda á Norðurlöndum

	Heildarþátttaka í peningaspilum (könnunarár)			Spilavandi (PGSI) (könnunarár)		
	Danmörk	76% (2005)	63% (2016)	46% (2021)	–	1,56% (2016)
Finnland	78% (2011)	80% (2015)	78,4% (2019)	3,1% (2011)	3,2% (2015)	3,1% (2019)
Ísland	76,2% (2011)	77,3% (2017)	69,3% (2023)	2,5% (2011)	2,3% (2017)	2,3% (2023)
Noregur	59,1% (2013)	57,9% (2015)	61,8% (2023)	3,0% (2013)	3,2% (2016)	2,9% (2023)
Svíþjóð	70,4% (2008/09)	57,2% (2015)	56,0% (2021)	2,2% (2008/09)	1,7% (2015)	1,3% (2021)

Tölur í töflunni, aðrar en íslenskar, koma frá Ståle Pallesen (2017) og Lyckberg o.fl. (2023)

Þegar hugað er að breytingum á þátttöku í mismunandi peningaspilum hér á landi er ljóst að færri keyptu sér miða í Lottó, getraunum og Lengjunni eða

keyptu skafmiða en gerðu árið 2017. Það sama má segja um fjölda þeirra sem spiluðu í spilakössum. Athyglisvert er að þótt færri hafi spilað innlend peningaspil á árinu 2023 en 2017 þá jókst fjöldi þeirra sem kusu frekar að kaupa sér miða í þessi peningaspil á netinu en á hefðbundnum sölustöðum eins í verslunum, söluturnum eða á bensínstöðvum. Þannig má sjá að árið 2023 kusu fleiri að veðja á úrslit íþróttaleikja á innlendum vefsíðum en á hefðbundnari sölustöðum.

Athyglisverðustu breytingarnar urðu á þátttöku í peningaspilum á erlendum vefsíðum þar sem þátttaka í spilakössum og í peningaspilum sem helst er að finna í rafrænum spilavítum hefur aukist. Þátttaka í spilakössum hér á landi hefur að sama skapi dregist verulega saman og nú er mjög lítill munur á fjölda þeirra sem spila í spilakössum hér á landi og spila í spilakössum á erlendum vefsíðum. En þó svo að engar breytingar á milli ára hafi verið að finna fyrir veðmál um úrslit eða atburði íþróttaleikja á erlendum vefsíðum eru þær þó meiri en í sambærilegum leikjum hérlendis. Þannig hefur þátttaka dregist nokkuð saman í Lengjunni og í getraunum (1x2) og nú er sá hópur sem helst veðjar á úrslit og atburði íþróttaleikja ungir karlmenn sem kjósa frekar að gera það á erlendum vefsíðum en innlendum.

Smávægilegar breytingar urðu á tíðni líklegar spilafíknar þar sem aðeins fleiri skimuðust árið 2023 en árið 2007 og er fjöldinn nú sambærilegur við það sem sást í kjölfar efnahagshrunsins árið 2011. Hins vegar voru engar breytingar á algengi spilavanda og enn er dæmigerður prófill íslensks spilafíklis ungur einhleypur karlmaður með grunnskólapróf og lágar tekjur.

Ef við berum saman tölur um spilavanda hér á landi við nýjustu tölurnar frá öðrum Norðurlandþjóðum (sjá síðasta dálk í hægri hluta töflu 27) má sjá að Ísland er í lægri hluta dreifingar og aðeins Svíþjóð mælist með lægra hlutfall. Mikilvægt er þó að hafa í huga að það þarf að setja fyrirvara við slíkan samanburð á milli landa þar sem nokkur munur er á úrtaksfræðum kannana. Þannig eru unglingar (á aldrinum 15–17 ára) hluti af úrtökum kannana í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, en ekki í Danmörku eða Íslandi. Einnig er aðferðafræði gagnasöfnunar mjög ólík milli landa. Kannanir í Finnlandi og á Íslandi fara fram í síma, í Danmörku er vefkönnun sem fylgt er eftir með símtali, í Noregi og Svíþjóð eru vefkannanir sem fylgt er eftir með póstsendingu (prentuðum spurningalistum). Slíkur munur á aðferðafræði kann að hafa mismunandi áhrif á mæliskekkjur kannana og á algengistökur. Mjög mikilvægt er að gera sameiginlega norræna könnun á sama ári, með sömu spurningum og á sama hátt, en með því yrði samanburðurinn á milli landanna mun nákvæmari.

Heimildaskrá

- Allami, Y., Hodgins, D.C., Young, M., Brunelle, N., Currie, S., Dufour, M., Flores-Pajot, M.C. og Nadeau, L. (2021). A meta-analysis of problem gambling risk factors in the general adult population. *Addiction*, 116, 2968–2977.
- American Psychiatric Association. (2000). *Diagnostic and statistical manual of the mental disorders; Text Revision (DSM-IV-TR)* (4. útg.). Washington: APA.
- Calado, F. Og Griffiths, M.D. (2016). Problem gambling worldwide: An update and systematic review of empirical research (2000–2015). *Journal of Behavioral Addiction*, 5(4), 592–613.
- Canale, N., Vieno, A., Pastore, M., Ghisi, M. Og Griffiths, M.D. (2016). Validation of the 8-item Attitudes Towards Gambling Scale (ATGS-8) in a British population survey. *Addictive Behaviors*, 54, 70–74.
- Cohen, S., Kamark, T. og Mermelstein, R. (1983). A global measure of perceived stress. *Journal of health and social behavior*, 24, 385–396.
- Daníel Þór Ólason (2008). *Spilahegðun og algengi spilavanda meðal fullorðinna Íslendinga árið 2007*. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
- Daníel Þór Ólason (2012). *Spilahegðun og algengi spilavanda meðal fullorðinna Íslendinga árið 2011*. Reykjavík: Innanríkisráðuneytið.
- Daníel Þór Ólason (2018). *Spilahegðun og algengi spilavanda meðal fullorðinna Íslendinga árið 2017*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið.
- Daníel Þór Ólason, Herdís Finnbogadóttir, Margrét Aðalheiður Hauksdóttir og Sigríður Karen Bárudóttir (2003). *An Icelandic version of the Problem Gambling Severity Index: A psychometric evaluation*. Erindi flutt á ráðstefnu norrænna geðlækna í Reykjavík, Reykjavík. Ísland.
- Daníel Þór Ólason, Sigríður Karen Bárudóttir og Sigurður J. Grétarsson (2005). Algengi spilafíknar meðal fullorðinna á Íslandi. Hjá Friðriki H. Jónssyni (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum V*, bls. 645–656. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Háskólaútgáfan.
- Ferris, J. og Wynne, H. (2001). *The Canadian problem gambling index: The final report*. Canadian Centre on Substance Abuse, Ottawa.
- Kristensen, J.H., Trifunovic, S., Strand, J., Vistnes, K.K., Syvertsen, A., Zandi, A. og Pallesen, S. (2023). A systematic literature of studies on attitudes towards gambling using the Attitudes Towards Gambling Scale (ATGS). *International Gambling Studies*, 23, 353–386.
- Lyckberg, A., Talberg, N., Eklund, J., Silvennoinen, I. og Olason, D.T. (2023). *Nordic Gambling Models*. Paper presented at the 13th SNSUS conference: The

- Nordic battle of gambling models: Are we ready for the evolution of gambling, 30. May to 1. June, Reykjavík, Iceland.
- Magnúsdóttir, I., Lovik, A., Unnarsdóttir, A. B., McCartney, D., Ask, H. o.fl. (2022). *Lancet*, 7, e406–e416.
- Moore, D.S., McCabe, G.P., & Craig, B. (2021). *Introduction to the practice of statistics* (10. útgáfa). New York: Freeman.
- Newcombe, R. G. (1998). Interval Estimation for the Difference Between Independent Proportions: Comparison of Eleven Methods. *Statistics in Medicine*, 17, 873–890.
- Orford, J., Griffiths, M., Wardle, H., Sproston, K. og Erens, B. (2009). Negative public attitudes towards gambling: findings from the 2007 British Gambling Prevalence Survey using a new attitude scale. *International Gambling Studies*, 9 (1), 39–54.
- Olason, D.T. og Grétarsson, S.J. (2009). Iceland. Í M. Griffiths, G. Meyer og T. Hayer (Ritst.), *Problem Gambling in Europe: Extent and Preventive Efforts*, 137–151. Springer: New York.
- Olason, D.T., Hayer, T., Brosowski, T. & Meyer, G. (2015). Gambling in the mist of economic crisis: Results from three national prevalence studies from Iceland. *Journal of Gambling Studies*, 31, 759–774.
- Pallesen, S. (2017). *Prevalence of gambling problems in the Nordic countries*. Erindi flutt á 11th Nordic conference on changes and challenges in the field of gambling, Óðinsvé, 29.–31. maí.
- Raylu, N. og Oei, T. P. S. (2002). Pathological gambling: A comprehensive review. *Clinical psychology review*, 22, 1009–1061.
- Salonen, A.H., Castrén, S., Raisamo, S., Orford, J., Alho, H. og Lathi, T. (2014). Attitudes towards gambling in Finland: A cross-sectional population study. *BMC Public Health*, 14(1), Article 982. <https://doi.org/10.1186/1471-2458-14-982>
- Salonen, A.H., Alho, H. og Castrén, S. (2017). Attitudes towards gambling, gambling participation, and gambling-related harm: cross-sectional Finnish population studies in 2011 and 2015. *BMC Public Health*, 17(1) Article 122. <https://doi.org/10.1186/s12889-017-4056-7>
- Skýrsla starfshóps um álitafni tengd tekjuöflun Hapdrættis HÍ (2021). *Starfshópur um álitafni tengd tekjuöflun Hapdrættis HÍ*. Háskóli Íslands.
- Skýrsla starfshóps um réttarbætur á sviði hapdrættismála (2022). *Réttarbætur á sviði hapdrættismála – Lok starfa starfshóps ráðherra – skýrslur, álit og tillögur*. Dómsmálaráðuneytið.
- Specker, S. M., Carlson, G.A., Christenson, G. A. & Marcotte, M. (1995). Impulse control disorders and attention deficit disorder in pathological gamblers. *Annals of Clinical Psychiatry*, 7, 175–179.

- Stone, C.A., Yeung, K., Shaw, L. og Billi, R. (2024). Gambling in Victoria: Changes in participation, problem gambling and gambling environment between 2008 and 2018. *Journal of Gambling Studies*, í prentun.
- Wardle, H., Moody, A., Spence, S., Orford, J. og Volberg, R., Jotangia, D., Griffiths, M., Hussey, D. og Dobbie, F. (2010). British Gambling Prevalence Survey 2010. London: national Centre for Social Research.
- Wardle, H., Degenhardt, L., Ceschia, A. og Saxena, S. (2021). The Lancet Public Health Commission on gambling. *The Lancet Public Health*, 6(1). e2–e3.

Viðauki I: Töflur

Tafla A. Þátttaka í peningaspilum á innlendum vefsíðum eftir baksviðsbreytum

	Fjöldi	Ekki spilað peningaspil %	Sjaldnar en mánaðarlega %	A.m.k. mánaðarlega %	Vikulega eða oftari ^b %	Kí- kvaðrat
Kyn						6,40
Karlar	893	69,7	10,5	5,5	14,3	
Konur	947	69,3	11,2	3,3	16,2	
Menntun						13,71*
Grunnskóli	309	74,7	7,5	4,2	13,6	
Framhaldsskóli	633	68,5	11,3	5,2	14,9	
Háskóli	823	66,0	13,1	4,1	16,9	
Aldursflokkar						120,27***
18 – 25 ára	186	87,4	7,6	1,4	3,6	
26 – 40 ára	430	69,0	15,5	3,8	11,7	
41 – 55 ára	504	57,0	15,8	6,4	20,8	
56 – 75 ára	721	70,9	5,0	4,8	19,4	
Hjúskaparstaða						35,36 ^a
Einhleyp/ur	336	79,3	9,5	3,8	7,4	
Hjónaband/sambúð	1273	65,8	11,8	4,9	17,5	
Fráskilin(n)	116	69,6	7,8	3,9	18,6	
Ekkil/ekkjja	42	67,6	8,1	2,7	21,6	
Fjölskyldutekjur						34,41***
Undir 550 þ.	213	80,7	9,1	2,4	7,9	
550–899 þ.	279	71,3	9,2	4,8	14,7	
900–1.270 þ.	283	64,6	12,9	3,9	18,6	
1.271–1.799 þ.	297	63,8	11,6	6,3	18,3	
1.800 þ. og meira	315	61,3	13,4	5,3	20,1	
Búseta						7,56
Höfuðborgarsvæðið	1142	69,3	12,1	4,5	14,1	
Landsbyggðin	699	69,8	8,6	4,3	17,3	

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$

^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs

^b Áskrift í Lottó telst hér til vikulegrar spilamennsku sem skýrir mun hærri tíðni vikulegrar spilamennsku á netinu en mánaðarleg spilamennska

Tafla B. Þátttaka í peningaspilum á erlendum vefsíðum eftir baksviðsbreytum

	Fjöldi	Ekki spilað peningaspil %	Sjaldnar en mánaðarlega %	A.m.k. mánaðarlega %	Vikulega eða oftár %	Kíkvaðrat
Kyn						103,70***
Karlar	893	87,6	6,1	3,2	3,0	
Konur	947	99,4	0,4	0,2	0,0	
Menntun						39,64***
Grunnskóli	309	88,8	3,9	3,1	4,2	
Framhaldsskóli	633	94,1	3,4	1,8	0,7	
Háskóli	823	96,2	2,7	0,5	0,6	
Aldursflokkar						171,82***
18 – 25 ára	186	79,9	7,2	7,9	5,0	
26 – 40 ára	430	90,6	6,4	0,6	2,4	
41 – 55 ára	504	96,9	1,3	1,5	0,2	
56 – 75 ára	721	99,5	0,5	0,0	0,0	
Hjúskaparstaða						70,51 ^a
Einhleyp/ur	336	85,3	5,9	4,7	4,0	
Hjónaband/sambúð	1273	95,9	2,5	0,7	0,9	
Fráskilin(n)	116	96,1	3,9	0,0	0,0	
Ekkil/ekkjja	42	100,0	0,0	0,0	0,0	
Fjölskyldutekjur						37,6 ^a
Undir 550 þ.	213	92,5	2,4	2,7	2,4	
550–899 þ.	279	87,8	5,4	4,4	2,4	
900–1.270 þ.	283	92,5	3,2	1,1	3,2	
1.271–1.799 þ.	297	97,0	1,1	0,7	1,1	
1.800 þ. og meira	315	94,4	4,9	0,0	0,7	
Búseta						11,28**
Höfuðborgarsvæðið	1142	92,6	3,8	2,4	1,3	
Landsbyggðin	699	94,9	2,5	0,6	2,0	

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$ ^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs

Tafla C. Þátttaka í lottó, bingó, flokka- og skafmiðahappdrætti eftir baksviðsbreytum

	Lottó ásölustöðu m %	Lottó á netinu %	Lottó í áskrift %	Flokka- happdrætti %	Skafmiðar %	Bingó %
Kyn			*	***		
Karlar	24,4	20,0	11,7	28,2	11,4	12,0
Konur	24,3	18,9	15,1	36,4	13,9	13,6
Menntun	***	***				**
Grunnskóli	29,4	12,9	11,8	33,3	13,6	9,4
Framhaldsskóli	25,2	22,4	12,2	31,5	11,7	15,6
Háskóli	19,2	21,7	15,7	32,2	12,9	13,2
Aldursflokkar	***	***	***	***	***	***
18 – 25 ára	6,5	6,8	1,8	1,8	13,3	16,5
26 – 40 ára	19,6	21,4	11,2	25,9	20,8	17,2
41 – 55 ára	25,9	30,4	17,8	37,6	12,0	14,0
56 – 75 ára	35,1	15,6	17,1	47,3	6,1	6,6
Hjúskaparstaða	***	***	***	***		
Einhleyp/ur	18,0	13,5	5,9	16,3	13,7	11,1
Hjónaband/sambúð	24,6	22,2	15,5	34,7	12,8	14,3
Fráskilin(n)	34,0	14,6	17,6	46,1	7,8	7,8
Ekill/ekkja	54,1	18,9	21,1	62,2	2,7	13,2
Fjölskyldutekjur	**	***	**	***		
Undir 550 þ.	19,6	11,8	7,8	22,4	11,0	12,2
550–899 þ.	30,3	17,3	12,9	33,2	14,3	12,6
900–1.270 þ.	27,4	24,6	14,2	35,7	13,2	14,9
1.271–1.799 þ.	19,3	21,6	16,4	32,3	15,6	17,2
1.800 þ. og meira	22,2	23,9	19,0	39,1	13,0	13,7
Búseta					*	***
Höfuðborgarsvæðið	22,9	20,2	12,3	31,2	11,3	10,8
Landsbyggðin	26,8	18,2	15,2	34,3	15,2	16,3

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$

Tafla D. Þátttaka í spilakössum og póker eftir baksviðsbreytum

	Spilakassar	Spilakassar á netinu	Póker með spilum	Mótapóker	Netpóker
	%	%	%	%	%
Kyn	***	***	***	a	***
Karlar	5,9	4,7	8,8	0,9	3,0
Konur	0,5	0,0	1,4	0,0	0,1
Menntun	*	***			
Grunnskóli	4,6	6,3	5,9	0,9	2,4
Framhaldsskóli	3,6	1,5	5,8	0,4	1,5
Háskóli	1,9	0,6	4,3	0,2	0,9
Aldursflokkar	***	***	***	a	***
18 – 25 ára	8,3	11,8	16,9	2,2	6,5
26 – 40 ára	5,6	1,8	7,0	0,0	1,4
41 – 55 ára	0,7	0,2	2,6	0,2	0,7
56 – 75 ára	0,8	0,0	0,2	0,0	0,2
Hjúskaparstaða	***	a	***	a	a
Einhleyp/ur	6,6	8,0	10,9	1,4	4,7
Hjónaband/sambúð	2,2	0,7	3,7	0,1	0,6
Fráskilin(n)	2,0	0,0	1,0	0,0	1,0
Ekkil/ekkjja	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Fjölskyldutekjur	***	***	*		
Undir 550 þ.	2,0	5,1	8,2	1,6	3,5
550–899 þ.	7,1	4,8	7,1	0,3	1,4
900–1.270 þ.	2,5	2,8	3,2	0,7	1,8
1.271–1.799 þ.	2,6	1,1	6,7	0,4	1,9
1.800 þ. og meira	1,4	0,4	3,5	0,0	0,7
Búseta	*	*	**	a	
Höfuðborgarsvæðið	3,9	2,9	6,3	0,7	1,7
Landsbyggðin	2,2	1,4	3,1	0,0	1,4

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$

^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs

Tafla E. Þátttaka í getraunum, lengjunni og XG setti mark á leikinn eftir baksviðsbreytum

	Getraunir (1x2) á sölustöðum	Getraunir á netinu.	XG settu mark á leikinn	Lengjan á sölustöðum	Lengjan á netinu	Lengjan í beinni
	%	%	%	%	%	%
Kyn	***	***	**	***	***	***
Karlar	2,6	5,6	1,2	1,4	3,9	1,4
Konur	0,4	0,7	0,1	0,0	0,3	0,0
Menntun			*			
Grunnskóli	1,3	4,4	1,3	1,3	3,1	1,3
Framhaldsskóli	1,6	2,5	0,1	0,4	1,3	0,3
Háskóli	1,6	3,1	0,5	0,5	2,2	0,6
Aldursflokkar		***	**	***	***	
18 – 25 ára	2,9	5,7	1,8	2,5	2,9	1,4
26 – 40 ára	1,6	4,0	1,2	1,2	3,0	1,2
41 – 55 ára	1,3	3,1	0,2	0,0	2,2	0,4
56 – 75 ára	1,2	1,3	0,0	0,2	0,8	0,2
Hjúskaparstaða	^a		^a	^a	^a	^a
Einhleyp/ur	1,7	4,5	1,2	1,4	2,6	1,4
Hjónaband/sambúð	1,6	3,1	0,5	0,5	2,2	0,5
Fráskilin(n)	1,0	1,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Ekkil/ekkjja	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Fjölskyldutekjur			*			
Undir 550 þ.	0,0	2,7	2,0	0,8	2,0	0,8
550–899 þ.	1,7	3,1	0,0	0,7	1,4	1,4
900–1.270 þ.	2,8	5,0	1,1	1,1	3,2	0,0
1.271–1.799 þ.	1,9	3,7	0,0	0,7	3,0	0,4
1.800 þ. og meira	1,8	4,6	1,1	1,1	2,8	1,8
Búseta						
Höfuðborgarsvæðið	1,5	2,9	0,5	0,7	1,7	0,5
Landsbyggðin	1,5	3,7	0,8	0,8	2,9	0,9

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$ ^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs

Tafla F. Þátttaka í veðmálum um úrslit og atburði íþróttakappleikja á önnur peningaspil á erlendum síðum á netinu, leynileg spilavíti, veðmál um eigin frammistöðu eftir baksviðsbreytum.

	Veðmál um úrslit íþróttakappleikja á erlendum síðum	Veðmál um atburði á erlendum síðum	Önnur peningaspil á netinu	Leynileg spilavíti á Íslandi	Veðja á eigin frammistöðu
	%	%	%	%	%
Kyn	***	***	***	**	***
Karlar	8,8	6,6	5,0	0,8	2,8
Konur	0,2	0,1	0,3	0,0	0,1
Menntun	*	*	***		
Grunnskóli	6,1	4,8	7,0	0,7	2,4
Framhaldsskóli	4,8	3,4	1,8	0,3	1,6
Háskóli	2,8	2,0	0,8	0,3	0,6
Aldursflokkar	***	***	***		***
18 – 25 ára	14,0	12,9	12,6	1,1	6,1
26 – 40 ára	7,4	4,4	1,4	0,6	1,2
41 – 55 ára	1,5	0,4	1,1	0,2	0,7
56 – 75 ára	0,2	0,2	0,2	0,0	0,3
Hjúskaparstaða	***	***	***	a	a
Einhleyp/ur	8,1	8,0	9,7	0,7	3,8
Hjónaband/sambúð	3,4	2,0	0,7	0,3	0,8
Fráskilin(n)	2,9	0,0	0,0	0,0	0,0
Ekkil/ekkjja	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Fjölskyldutekjur	*	***	***		
Undir 550 þ.	4,3	2,7	5,1	0,0	3,1
550–899 þ.	7,8	7,8	6,5	0,3	2,7
900–1.270 þ.	5,0	3,2	3,6	0,7	0,7
1.271–1.799 þ.	1,9	2,2	1,1	1,5	0,7
1.800 þ. og meira	4,9	2,1	0,0	0,0	1,4
Búseta				a	
Höfuðborgarsvæðið	5,0	3,7	3,0	0,6	1,4
Landsbyggðin	3,7	2,8	2,0	0,0	1,5

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$

^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs

Tafla G. Viðhorf til peningaspila á árinu 2023: Hlutfall sammála, hvorki sammála né ósammála og ósammála.

Atriði	Sammála	Hvorki/né	Ósammála
1. Það eru of mörg tækifæri til að spila peningaspil ná á dögum	70,8%	21,9%	7,3%
2. Fólk ætti að eiga rétt á að spila peningaspil hvenær sem það vill	40,1%	23,5%	36,4%
3. Það ætti að reyna að draga úr þátttöku fólks í peningaspilum	70,1%	19,0%	10,9%
4. Flestir spila peningaspil skynsamlega	28,1%	19,2%	52,7%
5. Peningaspil eru skaðleg fyrir fjölskyldulífið	75,8%	16,6%	7,6%
6. Þegar á heildina er litið eru peningaspil mikill ávinningur fyrir þjóf félagið	11,7%	19,8%	68,4%
7. Peningaspil hressa upp á lífið og tilveruna	17,2%	22,7%	60,1%
8. Það væri betra ef peningaspil væru með öllu bönnuð	33,3%	23,9%	42,8%

Tafla H. Afstaða fólks til „Það ætti að taka upp notkun spilakorta eða rafræna skráningu fyrir þá sem spila í spilakössum“ eftir baksviðsbreytum

	Sammála	Hvorki/né	Ósammála	Kíkvaðrat
	%	%	%	
Kyn				5,88*
Karlar	40,5	27,7	31,8	
Konur	35,2	32,5	32,3	
Menntun				14,70**
Grunnskóli	45,7	25,1	29,3	
Framhaldsskóli	35,6	30,6	33,7	
Háskóli	35,7	33,4	30,9	
Aldursflokkar				67,61***
18 – 25 ára	40,4	37,3	22,3	
26 – 40 ára	35,6	39,1	25,3	
41 – 55 ára	40,8	26,8	32,5	
56 – 75 ára	36,7	20,0	43,3	
Hjúskaparstaða				19,10**
Einhleyp/ur	37,8	35,7	26,5	
Hjónaband/sambúð	38,8	29,3	31,9	
Fráskilin(n)	37,5	17,5	45,0	
Ekill/ekkja	28,6	25,0	46,4	
Spilakassaspilun				1,38
Spila ekki í spilak.	38,1	29,7	32,2	
Spila í spilakössum	35,3	37,3	27,5	
Spilavandi				3,89
Spila vandkvæðalaust	38,8	28,7	32,5	
Lítill áhætta	44,3	24,6	31,1	
Spilavandi	52,5	25,0	22,5	

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$ ^a Fjöldi í reit uppfyllti ekki skilyrði marktæktarprófs

Tafla I. Afstaða fólks til „Það ætti að taka upp notkun spilakorta eða rafræna skráningu fyrir allar tegundir peningaspila hér á landi“ eftir baksviðsbreytum

	Sammála	Hvorki/né	Ósammála	Kíkvaðrat
	%	%	%	
Kyn				14,16***
Karlar	33,5	24,3	42,2	
Konur	28,5	32,7	38,8	
Menntun				11,55*
Grunnskóli	35,9	25,8	38,3	
Framhaldsskóli	31,2	26,5	42,3	
Háskóli	27,6	32,6	39,8	
Aldursflokkar				47,61***
18 – 25 ára	30,7	36,4	33,0	
26 – 40 ára	29,7	35,4	34,9	
41 – 55 ára	32,2	26,8	41,0	
56 – 75 ára	31,7	18,6	49,7	
Hjúskaparstaða				16,85**
Einhleyp/ur	26,7	34,4	38,9	
Hjónaband/sambúð	32,8	27,5	39,8	
Fráskilin(n)	34,1	16,5	49,4	
Ekkill/ekkjja	25,0	21,4	53,6	
Spilun peningaspila				7,13*
Spila ekki peningaspil	28,5	32,8	38,7	
Spila peningaspil	32,3	26,3	41,5	
Spilavandi				6,21
Spila vandkvæðalaust	31,4	26,5	42,1	
Lítill áhætta	35,5	24,2	40,3	
Spilavandi	50,0	21,1	28,9	

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$ ^a Fjöldi í reit uppfyllti ekki skilyrði marktæktarprófs

Tafla J. Afstaða fólks til „Það ætti að koma í veg fyrir aðgengi Íslendinga að erlendum vefsíðum sem bjóða upp á spilun peningaspila“ eftir baksviðsbreytum

	Sammála	Hvorki/né	Ósammála	Kíkvaðrat
	%	%	%	
Kyn				46,36***
Karlar	33,4	16,9	49,7	
Konur	37,8	27,5	34,8	
Menntun				28,31***
Grunnskóli	45,1	17,8	37,0	
Framhaldsskóli	34,6	22,6	42,8	
Háskóli	29,3	24,7	46,0	
Aldursflokkar				98,09***
18 – 25 ára	24,1	24,4	51,5	
26 – 40 ára	25,9	29,1	45,0	
41 – 55 ára	33,7	21,3	45,0	
56 – 75 ára	51,0	15,6	33,4	
Hjúskaparstaða				27,41***
Einhleyp/ur	27,9	25,7	46,3	
Hjónaband/sambúð	36,9	21,9	41,2	
Fráskilin(n)	39,8	13,3	46,9	
Ekkill/ekkja	62,9	14,3	22,9	
Erlendar vefsíður				75,71***
Spila ekki	37,5	22,8	39,6	
Spila	7,0	12,3	80,7	
Spilavandi				15,990**
Spila vandkvæðalaust	36,1	22,6	41,4	
Lítill áhætta	18,8	15,6	65,6	
Spilavandi	28,2	20,5	51,3	

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$ ^a Fjöldi í reit uppfyllti ekki skilyrði marktæktarprófs

Tafla K. Samanburður á vikulegri spilamennsku löglega peningaspila frá árinu

2007

Tegund peningaspila	Vikulega eða oftár			
	2007	2011	2017	2023
Lottó	10,8	12,7	16,3	16,4
Flokkahappdrætti (öll)	–	–	–	
Skafmiðar	0,2	0,2	0,3	0,1 ^a
Spilakassar	0,5	0,7	0,6	0,1 ^a
Getraunir (1x2)	1,2	1,1	1,0	0,6
Lengjan	0,4	0,4	0,4	0,1 ^a
Lagt undir í spilum	0,6	0,7	0,2	0,5
Bingó	0,1	0,1	0,1	0,0 ^a
Veðja á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt	0,4	0,0	0,0	0,1 ^a
Leynileg spilavíti	0,0	0,0	0,0	0,0 ^a
Innlend netspilun	8,7	10,4	14,2	15,2

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$ ^a Fjöldi í reit uppfyllti ekki skilyrði

marktektarprófs

Tafla L. Samanburður á vikulegri spilamennsku á erlendum vefsíðum frá árinu

2007

Tegund peningaspila	A.m.k. einu sinni undanfarna 12 mánuði			
	2007	2011	2017	2023
Netpóker	0,3	0,6	0,3	0,0
Skafmiðar	0,0	0,0	0,0	0,0
Spilakassar	0,0	0,0	0,0	0,4
Veðja á úrslit íþróttaleikja	0,1	0,0	1,0	1,0
Veðja á atburði íþróttaleikja	–	–	0,8	0,7
Önnur peningaspil á netinu (t.d. 21, rúlletta, bingó o.s.frv.)	0,0	0,0	0,0	0,1
Heildarspilun á erlendum vefsíðum	0,4	0,6	1,4	1,5

* $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$ ^a Fjöldi í reit uppfyllti ekki skilyrði

marktektarprófs

Viðauki II Spurningalisti

Háskóli Íslands

Félagsvísindastofnun

**Faraldsfræðileg rannsókn á
þátttöku Íslendinga í peningaspilum
2023**

Kynningartexti fyrir þátttakendur

Gott kvöld/ góðan dag!

Ég heiti ____ og hringi frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Við erum að kanna þátttöku Íslendinga í peningaspilum eða happdrættum, en niðurstöður könnunarinnar munu koma að miklu gagni við að meta spilahegðun íslensku þjóðarinnar. Til að tryggja að niðurstöður verði sem áreiðanlegastar er mjög mikilvægt að flestir sjái sér fært að taka þátt í könnuninni. Nafn þitt kom upp í 5.000 manna þjóðarúrtaki og bið ég þig vinsamlegast um leyfi til að fá að leggja fyrir þig nokkrar spurningar.

[SPYRLAR: Ef spurt er um tímalengd skuluð þið segja að fjöldi spurninga sé nokkuð mismunandi milli þátttakenda en flestir ljúki henni á u.þ.b. 10–15 mínútum. Ef sagt er að viðkomandi spili engin peningaspil þá leggja áherslu á að það séu einnig mikilvægar upplýsingar og því mikilvægt að viðkomandi taki þátt, en könnunin verði þá mjög stutt]

Jákvætt svar við þátttöku: SPYRLAR: Halda áfram með kynningartexta fyrir þátttakendur hér að neðan.

Neikvætt svar → Spyrja: Gætir þú hugsað þér að taka þátt í könnuninni ef ég hringdi á öðrum tíma?

Ef já við nýjum tíma → Skrá dag og tíma: _____

Ef nei við nýjum tíma → Segja: Ég þakka þá fyrir ómakið.

Kynningartexti fyrir þátttakendur, frh.

Mér ber að benda þér á að farið verður með öll gögn sem trúnaðarmál og nafn þitt mun hvergi koma fram, hvorki á svarblaðinu né í úrvinnslu. Þú getur hætt könnuninni hvenær sem er og einnig valið að svara ekki einstökum spurningum. Það er þó mikilvægt að þú vitir að niðurstöður koma að mestu gagni ef þú reynir að svara öllum spurningunum eftir bestu getu, jafnvel þó þér finnst að þær hafi komið fram áður. Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Dr. Daníel Þór Ólason, Prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands, sími 5255265 og rannsóknin hefur verið tilkynnt Persónuvernd og Vísindasiðanefnd hefur veitt leyfi til hennar.

Spilahegðun

Ég ætla að byrja á því að spyrja þig um þátttöku þína í ýmsum gerðum peningaspila á síðustu 12 mánuðum. Með orðinu peningaspil er ég að tala um öll spil, leiki eða happdrætti þar sem hægt er að vinna eða tapa peningum eða öðrum verðmætum og tilviljun ræður miklu eða öllu um niðurstöðuna. Vinsamlegast segðu mér hvort þú hefur spilað að minnsta kosti einu sinni í eftirtöldum peningasilum **á síðastliðnum 12 mánuðum**. Svvaraðu já eða nei við hverju peningaspili.

[SPYRLAR: Lesa upp lista og HAKA við þau peningaspil sem viðkomandi SEGIR JÁ VIÐ.]

Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum ...

- ¹ keypt miða í íslenska Lottóinu (5/40), Víkingalottó eða EuroJackpot í verslunum, söluturnum, bensínstöðvum eða öðrum sölustöðum (**SP. 1a–1d**)
- ¹ keypt miða í íslenska Lottóinu (5/40) Víkingalottó eða EuroJackpot (**ekki áskriftarmiða**) á vefsíðu Íslenskrar getspár eða Lottóappinu (**SP. 2a–2e**)
- ¹ keypt *áskriftarmiða* í íslenska Lottóinu (5/38), Víkingalottó eða EuroJackpot á vefsíðu Íslenskrar getspár eða í lottóappinu (**SP. 3a–3c**)
- ¹ spilað í spilakassa í spilasölum, söluturnum, bensínstöðvum, vínveitingastöðum eða annars staðar þar sem slíkir kassar eru staðsettir (**SP. 4a–4h**)
- ¹ spilað í spilakassa á erlendum vefsíðum á Internetinu og lagt undir eigið fé [*Áhersla á að fólk hafi spilað fyrir eigin peninga, ekki leikið í spilakassa á netinu fyrir gjafafé/platpeninga*] (**SP. 5a–5d**)
- ¹ keypt skafmiða, t.d. Happaprennu, í verslunum, söluturnum, bensínstöðvum, sjálfssölum eða öðrum sölustöðum (**SP. 6a–6c**)
- ¹ keypt skafmiða á erlendum vefsíðum á Internetinu (**SP. 7a–7d**)
- ¹ keypt seðil í fótboltagetraunum (1x2) Íslenskra getrauna þar sem giskað er m.a. á úrslit í enska fótboltanum í verslunum, söluturnum, bensínstöðvum, íþróttafélögum eða öðrum sölustöðum (**SP. 8a–8c**)
- ¹ keypt rafrænan seðil í fótboltagetraunum (1x2) á heimasíðu Íslenskra getrauna eða Lengjuappinu þar sem giskað er m.a. á úrslit í enska fótboltanum (**SP. 9a–9d**)
- ¹ keypt rafrænan seðil í “**XG – settu mark á leikinn**” á heimasíðu Íslenskra getrauna eða Lengjuappinu þar sem giskað er á fjölda marka skoruð í fótboltaleikjum (**SP. 10a–10c**)
- ¹ keypt seðil í Lengjunni, þar sem veðjað er á úrslit íþróttakappleikja, t.d. í fótbolta, handbolta, golfi, kappakstri o.s.frv. í verslunum, söluturnum, bensínstöðvum, íþróttafélögum eða öðrum sölustöðum (**SP. 11a–11d**)
- ¹ keypt rafrænan seðil í Lengjunni á heimasíðu Íslenskra getrauna eða Lengjuappinu þar sem veðjað er á úrslit íþróttakappleikja, t.d. í fótbolta, handbolta, golfi og kappakstri (**SP. 12a–12e**)
- ¹ spilað „Lengjan í beinni“ á heimasíðu Íslenskra getrauna eða Lengjuappinu þar sem veðjað er á atburði eða úrslit íþróttakappleikja á meðan á íþróttakappleikjunum stendur (**SP. 13a–13e**)

- ¹ veðjað á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum á Internetinu, t.d. í fótbolta, handbolta, golfi, kappakstri, veðreiðum o.s.frv. (SP. 14a–14f)
- ¹ veðjað á ýmsa atburði eða úrslit íþróttakappleikja meðan á þeim stendur (svokallað **Live Betting**) á erlendum vefsíðum á Internetinu, t.d. í fótbolta, handbolta, golfi, kappakstri, veðreiðum o.s.frv. (SP. 15a–15f)
- ¹ spilað í flokkahappdrætti Háskóla Íslands, SÍBS eða DAS? (SP. 16a–16c)
- ¹ lagt peninga undir í **póker (spilað á spil)** með vinum, starfsfélögum, spilafélögum eða fjölskyldu, annars staðar en í spilavítum (SP. 17a–17c)
- ¹ tekið þátt í skipulögðum **pókermótum (mótapóker– spilað á spil)** sem haldin eru hér á landi, t.d. á vegum pókersambands Íslands, pókerklúbbum eða öðrum sem bjóða upp á slík mót (SP 18a–18c)
- ¹ lagt peninga undir í **netpóker** á erlendum vefsíðum á Internetinu (SP. 19a–19d)
- ¹ lagt peninga undir í **bridge, vist eða öðrum borðspilum fyrir utan póker** með vinum, starfsfélögum, spilafélögum eða fjölskyldu, (SP. 20a–20c)
- ¹ veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt, t.d. snóker, golfi, keilu o.s.frv. (SP. 21a–21c)
